



## **Ríkisstjórnarkosningar á sveitarstjórnarstigi?**

Hefur ríkisstjórnarseta áhrif á gengi flokka í kosningum á sveitarstjórnarstigi?

Ólafur Hannesson

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**

**Október 2012**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Ríkisstjórnarkosningar á sveitarstjórnarstigi?  
Hefur ríkisstjórnarseta áhrif á gengi flokka í kosningum á  
sveitarstjórnarstigi?**

Ólafur Hannesson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði  
Leiðbeinandi: Gunnar Helgi Kristinsson

Stjórnmálafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Október 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ólafur Hannesson 2012  
230785-2529

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Í lokaverkerkefni þessu er athugað hvort tengsl séu til staðar á milli þess hvað fólk kýs í sveitarstjórnarkosningum og þess hvaða ríkisstjórn situr á þeim tíma. Tekin eru fyrir tvö tímabil í verkefninu, annars vegar eru það kosningarárin 1978 - 1986 og hinsvegar 2002 - 2010. Farið er yfir sveitarstjórnarstigið og hvaða kosningakerfi er notast við þar. Stjórn mála flokkarnir eru kynntir og lauslega farið yfir sögu þeirra. Að því loknu er umhverfið skoðað á þeim tímabilum sem eru til umfjöllunar í verkefninu. Sveitafélögin eru kynnt til sögunar og kosningaúrslit í hverju sveitarfélagi fyrir sig skoðuð yfir fyrrgreind ár. Sveiflur fylgis á milli kosninga eru skoðaðar og notaðar til að greina stöðu stjórnar og stjórnarandstöðuflokkanna í hverjum kosningum fyrir sig. Ljóst má vera að eftir að gögnin eru skoðuð að færa má rök fyrir því að tengsl séu á milli þess hverjir sitja í ríkisstjórn og þess hvaða flokka fólk kýs í sveitarstjórnarkosningum.

## Efnisyfirlit

Töfluskrá.....	6
1. Inngangur.....	7
2. Fyrri rannsóknir á viðfangsefninu.....	9
3. Sveitarstjórnarkerfið.....	11
4. Stjórnmalaflokkarnir sem móta samfélagið .....	14
Framsóknarflokkurinn .....	14
Alþýðuflokkurinn / Samfylkingin .....	15
Sjálfstæðisflokkurinn .....	16
Alþýðubandalagið / Vinstrihreyfingin - grænt framboð .....	17
Aðrir flokkar.....	18
5. Umhverfið sem var .....	21
Umhverfið 1978.....	22
Umhverfið 1982.....	22
Umhverfið 1986.....	23
Umhverfið 2002.....	24
Umhverfið 2006.....	25
Umhverfið 2010.....	25
6. Sveitarfélögin og kosningaúrslit .....	27
Reykjavík.....	28
Kópavogur .....	30
Hafnarfjörður.....	31
Garðabær .....	32
Akureyri .....	33
Reykjanesbær .....	35
Sveitarfélagið Ölfus .....	36
7. Fylgissveiflur.....	39
Kosningarnar 1978 .....	39
Kosningarnar 1982 .....	40
Kosningarnar 1986 .....	41
Kosningarnar 2002 .....	42
Kosningarnar 2006 .....	43
Kosningarnar 2010 .....	43
8. Niðurstöður og lokaorð .....	45
Heimildaskrá.....	49

## Töfluskrá

Tafla 1. Dæmi um D'Hondt regluna í ímynduðu kjördæmi.....	13
Tafla 2. Úrslit borgarstjórnarkosninga í Reykjavík.....	28
Tafla 3. Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Kópavogi.....	30
Tafla 4. Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Hafnarfirði.....	31
Tafla 5. Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Garðabæ.....	32
Tafla 6. Úrslit bæjarstjórnarkosninga á Akureyri.....	34
Tafla 7. Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Reykjanesbæ.....	35
Tafla 8. Úrslit sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Ölfusi.....	37
Tafla 9. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1974.....	39
Tafla 10. Meðaltal og mismunur fyrir 1978.....	40
Tafla 11. Meðaltal og mismunur fyrir 1982.....	41
Tafla 12. Meðaltal og mismunur fyrir 1986.....	41
Tafla 13. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1998.....	42
Tafla 14. Meðaltal og mismunur fyrir 2002.....	42
Tafla 15. Meðaltal og mismunur fyrir 2006.....	43
Tafla 16. Meðaltal og mismunur fyrir 2010.....	44
Tafla 17. Meðaltal kosninga og mismunur á tímabilinu 1978 - 1986.....	44
Tafla 18. Meðaltal kosninga og mismunur á tímabilinu 2002 - 2010.....	44

## 1. Inngangur

Í sveitarstjórnarkosningunum 2010 voru 185 listar í framboði í þeim 54 sveitarfélögum sem hlutbundin kosning var haldin í. Sjálfkjörið var í 4 sveitarfélögum og í 18 sveitarfélögum var haldin óbundin kosning (alls var því um að ræða kosningar í 76 sveitarfélögum á landinu öllu og úr mörgu að velja).<sup>1</sup> Tengsl á milli sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga geta verið margslungin og á köflum dálítið flókin. Í fyrsta lagi bjóða stjórnámálflokkar á Íslandi fram í mörgum sveitarfélögum samhliða því að sitja á þingi. Í öðru lagi bjóða sumir þingflokkanna fram í ákveðnum tilfellum undir öðrum nöfnum í sveitarstjórnarkosningum, líkt og Framsóknarflokkinn gerði í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2010, þegar hann bauð fram undir heitinu Framfararsinnar. Í þriðja lagi eru til dæmi um það að stjórnámálflokkar bjóði fram í sameiningu við aðra flokka á einum lista í sveitarstjórnarkosningum, líkt og R listinn gerði í Reykjavíkurborg á tíunda áratug síðustu aldar, þrátt fyrir að vera í framboði til þings og/eða í ríkisstjórnarsamstarfi á sama tíma.<sup>2</sup> Þetta skekkir að sjálfsgöðu myndina þegar reynt er að líta á heildarmyndina því ekki er gott að sjá hvað hver flokkur um sig á mikið af fylginu sem framboðið fær. Síðasti hópurinn er svo að sjálfsgöðu hin óflokksbundnu framboð sem eru ótengd þeim flokkum sem til staðar eru á þingi.

Markmið þessarar ritgerðar er að meta hvort, og að hvaða leyti, það séu mælanleg tengsl á milli þess hvaða stjórnámálflokka fólk kys í sveitarstjórnarkosningum með tilliti til þess hvaða flokkar sitja í ríkisstjórn.

Í ritgerðinni verður farið yfir kosningakerfið sem notast er við í sveitarstjórnarkosningum og fyrri rannsóknir skoðaðar. Farið verður yfir helstu stjórnámálflokka á tímabilinu, þær kringumstæður í samfélaginu sem voru til staðar á hverjum tíma, sem og úrslit kosninga í sveitarfélögum. Að því loknu er farið yfir fylgissveiflur á milli kosninga og ályktun dregin út frá þeim gögnum sem fyrir hendi eru.

Þær niðurstöður sem fást í ritgerðinni eru þó settar fram með þeim fyrirvara að ekki er um afgerandi niðurstöður að ræða þar sem úrtakið tekur til og heimfærast á sjö sveitarfélög sem valin voru af þeim 76 sveitarfélögum sem eru hér á landi. Niðurstöðunum

---

<sup>1</sup> Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010), bls 2.

<sup>2</sup> Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 1998* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1999)

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010)

ritgerðarinnar skal því taka með þeim fyrirvara að fara skal varlega í að heimfæra niðurstöðurnar yfir á önnur sveitarfélög en þau sem eru skoðuð hér í ritgerðinni.



## 2. Fyrri rannsóknir á viðfangsefninu

Þegar kemur að rannsóknum um sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar eru margar rannsóknir um hinar ýmsu hliðar er snerta þessi atriði. Um rannsóknir sem snúa að athugun á viðfangsefninu, sem er líkt og áður hefur komið fram hvort sitjandi ríkisstjórnir hafi áhrif á kjör fólks í sveitarstjórnarkosningum hafa nokkrir aðilar gert athuganir á svipuðu viðfangsefni. Lítið virðist þó hafa verið skoðað hér á landi en Gunnar Helgi Kristinsson veltir því fyrir sér í bók sinni *Staðbundin Stjórnámál* hvort úrslit sveitarstjórnarkosninga ráðist af staðbundnum háttum. Gunnar fjallar meðal annars um dæmi þar sem árið 1997 hafi Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðubandalagið ásamt óháðum ákveðið að bjóða fram saman á Fáskrúðsfirði. Þetta kosningabandalag væri á sviði alþingiskosninga talið ómögulegt, en þegar starfað er á sveitarstjórnarstiginu getur ýmislegt gerst sem ekki passar í landsmálunum. Í samtölum Gunnars við oddvita og sveitarstjóra kemur fram að þeir litu margir svo á að sveitarstjórnarmálin væru sérstök eðlis miðað við landsmálin sem og að stjórn málin í sveitarfélaginu væru ekki eiginleg stjórnámál í sama skilningi og landsmálapólitíkin. Síðar bendir Gunnar þó á að í sveitarstjórnarkosningum sé flokkum oft refsað í samræmi við landsmálin, hann bendir meðal annars á að á tímabilinu 1974 til 1998 hafi stjórnarflokkar að meðaltali tapað um 1 prósentustigi í hlutfallslegum fjölda atkvæða þar sem þeir buðu sig fram til sveitarstjórna á meðan stjórnarandstöðuflokkar unnu að meðaltali um 5%. Nefnir Gunnar einmitt að ef að úrslit sveitarstjórnarkosninga ráðist raunverulega af staðbundnum þáttum þá mætti gera ráð fyrir því að úrslit kosninga væru almennt mjög ólík frá einum stað til annars. Stjórnámálaflokkur gæti fengið slæma kosningu á einum stað og góða á öðrum eða jafnvel staðið í stað, ólíklegt væri að þær breytingar mynduðu einhverja stóra sveiflu og myndu sennilegast jafnast út að mestu.<sup>3</sup>

Þegar litið er á rannsóknir og umræðu erlendis frá hafa meðal annars þeir Bruno Jérôme og Michael Lewis-Beck rannsakað þetta álitaefni í Frakklandi og skrifuðu þeir meðal annars grein sem heitir "Is local politics local? French evidence" sem á íslensku myndi yfirfærast "Eru svæðastjórnámál svæðisbundin? Frönsk sönnunargögn". Þeir Jérôme og Lewis-Beck benda á að þetta sé umfjöllunarefni sem sé ákaflega skipt og taka sem dæmi umræðu sem átt hefur sér stað í Bandaríkjunum um langa hríð. Þar eru aðilar (Jacobson 1989; Jewell 1968; Mann 1978) sem fullyrða að það séu svæðamálin sem ráði ríkjum í svæðakosningum á

<sup>3</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Staðbundin stjórnámál*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001) bls 114 - 116

meðan aðrir (Campbell 1986; Chubb 1988; Peltzman 1987; Tufte 1975) fjalla um að það séu landsmálin sem stýri ferðinni að miklu leyti þegar kemur að svæðakosningum.<sup>4</sup> Þeir félagar fóru því að skoða hvernig málum er háttað í Frakklandi og vísa þeir í rannsókn gerða af Alan B. Spitzer sem hafði fjallað um svæðakosningu frá Doubs árin 1824 og 1827 og benti hann á að það væru ekki bara staðbundnu málin sem hefðu áhrif á kjósendur þar heldur einnig landsmálin.<sup>5</sup> Jérôme og Lewis-Beck benda einnig á í grein sinni að sannanir benda til þess að óánægja með frammistöðu forsætisráðherra til dæmis í efnahagsmálum skili sér beint í svæðastjórnsmálin með minni stuðningi við stjórnarflokkinn.<sup>6</sup>

Það er ljóst að skiptar skoðanir eru á viðfangsefninu og menn almennt ekki alveg sammála um stöðu svæðastjórnsmála gagnvart landsmálastjórnsmálunum en samkvæmt þessu virðist þó að staða eða störf ríkisstjórna geti skipt máli þegar kemur að því að greiða atkvæði í sveitarstjórnarkosningum.

---

<sup>4</sup> Michael. S. Lewis-Beck og Brunó Jérôme. "Is Local Politics Local? French evidence." *European Journal of Political Research*, (1999): 181 - 197. bls 189

<sup>5</sup> Alan B. Spitzer "The Elections of 1824 and 1827 in the department of the Doubs." *French History*, (1989): 153 - 176.

<sup>6</sup> Lewis-Beck og Jérôme. "Is Local Politics Local? French evidence." (1999): bls 189

### 3. Sveitarstjórnarkerfið

Á Íslandi eru haldnar kosningar af þrennum toga á hverju fjögurra ára tímabili, þ.e. ef kringumstæður eru eðlilegar. Forsetakjör eru almennt á fjögurra ára fresti þar sem þjóðhöfðingi er kosinn, það getur þó komið fyrir að þjóðhöfðingi deyi í embætti líkt og gerðist með Svein Björnsson árið 1952. Ef slíkt hentir er boðað til kosninga og nýr forseti kjörinn burtséð frá því hve mikill tími af kjörtímabilinu er liðinn, einnig getur komið til að forseti segir af sér embætti eða er settur af að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu eftir vantrauststillögu frá Alþingi. Næst má nefna alþingiskosningar, þar sem 63 þingmenn eru kjörnir, en þær eru almennt á fjögurra ára fresti nema Alþingi sé rofið fyrir og gengið til kosninga, líkt og gerðist árið 2009 en þá var þing rofið og boðað til kosninga þegar kjörtímabilið var hálfnað. Að lokum eru haldnar sveitarstjórnarkosningar sem, ólíkt kosningum til þings og forseta, eru ávallt á fjögurra ára fresti, jafnvel þó ekki sé starfhæfur meirihluti í sveitarfélaginu er ekki möguleiki á að rjúfa sveitarstjórn og kjósa að nýju. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum (árið 2010) voru 512 sveitarstjórnarfulltrúar kjörnir, þar af 308 karlar og 204 konur í 76 sveitarfélögum víðsvegar um landið.<sup>7</sup>

Í sveitarstjórnarkosningum er um tvenns konar kosningafyrirkomulag að ræða, þ.e. hlutbundna listakosningu annars vegar og óbundna kosningu hins vegar. Hið fyrrnefnda er þó algengara form, en í þeim tilfellum er um að ræða einn eða fleiri lista sem bjóða fram og fá úthlutað sætum í hlutfalli við atkvæðafjölda. Í þeim tilfellum þar sem einungis einn listi býður sig fram, eru þeir fulltrúar sem gáfu kost á sér á listanum sjálfkjörnir í sveitarstjórn þess sveitarfélags.<sup>8</sup>

Í óbundnum kosningum, hins vegar er ekki kosið samkvæmt fyrirfram mótuðum, eiginlegum framboðslistum, í þessum tilvikum eru í raun allir íbúar sveitarfélagsins í kjöri og hljóta þeir kjör sem flest atkvæði fá. Hljóti aðili kjör í óbundinni kosningu skiptir engu hvort viðkomandi vilji taka embættið að sér eður ei, honum ber einfaldlega skylda til þess að taka við keflinu og halda á því næstu fjögur árin, þó er heimilt samkvæmt 30 gr.

---

<sup>7</sup> Jafnréttisstofa, Úrslit sveitastjórnarkosninga: Staða kynja í sveitarstjórnnum (Reykjavík: Jafnréttisstofa, 2010) bls 2.

<sup>8</sup> Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010*

sveitarstjórnarlaga nr. 128 frá árinu 2011 að veita aðila lausn frá embætti telji fulltrúi embættið bera með sér of mikið álag með tilliti til veikinda eða annara starfa.<sup>9</sup>

Sú aðferð sem lengst hefur verið notuð hér á landi til að skipta fulltrúum á flokka eftir atkvæðamagni er d'Hondt reglan, sem hefur verið notuð bæði í hlutfallskosningum til sveitarstjórna og Alþingis. Regla d'Hondt er þannig byggð að hún er frekar hagstæð stórum flokkum en þeim smærri, einkum þegar fjöldi fulltrúa er lítill, sem getur virkað sem ákveðinn þröskuldur fyrir hina smærri flokka.<sup>10</sup> Regla d'Hondt kemur fyrir í 107. gr. kosningalaganna, en þar segir: "Deila skal í atkvæðatölur listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista."<sup>11</sup> Reglan felst í því að reiknað er út hæsta meðaltal atkvæða til að finna út hvaða flokkur fær úthlutað næsta sæti. Fyrsta sætinu er úthlutað til flokksins sem flest atkvæði hefur hlotið. Því næst er deilt í atkvæðafjölda þess flokks með tveimur og er útkoman úr því ný atkvæðatala. Næsta sæti er svo úthlutað til þess flokks sem eftir útreikning hefur hæstu atkvæðatöluna. Með þessu bætist ávallt við einn í deilingu atkvæða eftir hverju sæti sem flokkurinn fær úthlutað, þ.e. fjölda atkvæða deilt í sætafjölda plús einn. Hér hefur verið fjallað um atkvæðatölur, en í dæminu hér að neðan sem tekið er af vef Innanríkisráðuneytisins verður notast við hlutfallstölur.

---

<sup>9</sup> Sveitarstjórnalög nr. 138/2011

<sup>10</sup> Ólafur Þ. Harðarson og Indriði H. Indriðason. "Hvenær verður minnihluti atkvæða að meirihluta fulltrúa." *Stjórnsmál og Stjórnsýsla*, (2005): 5 - 26. bls 7

<sup>11</sup> Innanríkisráðuneytið "Útreikningur við úthlutun kjördæmissæta" <http://www.kosning.is/upplýsingar/kjordaemissaeti/> (Sótt 28. júlí 2012)

Tafla 1. Dæmi um d'Hondt regluna í ímynduðu kjördæmi

Kjördæmi 1	Flokkur 1		Flokkur 2		Flokkur 3		Flokkur 4		
Atkvæði í prósentum		38,5%		31,7%		20,1%		9,7%	100,0%
Atkv. deilt með 1	1.	38,5%	2.	31,7%	3.	20,1%	9.	9,7%	
Atkv. deilt með 2		4. 19,3%		5. 15,9%		8. 10,1%		4,9%	
Atkv. deilt með 3		6. 12,8%		7. 10,6%		6,7%		3,2%	
Atkv. deilt með 4		9,6%		7,9%		5,0%		2,4%	
Atkv. deilt með 5		7,7%		6,3%		4,0%		1,9%	
<b>Samtals þingmenn</b>	<b>3</b>		<b>3</b>		<b>2</b>		<b>1</b>		

Dæmi tekið af vefsíðu innanríkisráðuneytis

Í grófu máli má lýsa þessu svo: Flokkur 1 hlýtur 38,5 % atkvæða og er fyrst deilt í þá tölu með 1 ( $38,5\%/1 = 38,5\%$ ), svo 2 ( $38,5\%/2 = 19,25\%$ ), þá 3 ( $38,5\%/3 = 12,83\%$ ) o.s.frv. Þannig fá flokkar 1 og 2 jafn marga þingmenn þótt nokkru skeiki á atkvæðahlutfalli, en flokkur 1 á mun meira af vannýttu atkvæðamagni sem nýtist honum þegar kemur að úthlutun jöfnunarsæta.<sup>12</sup>

<sup>12</sup> Innanríkisráðuneytið "Útreikningur við úthlutun kjördæmissæta"  
<http://www.kosning.is/upplýsingar/kjordaemissaeti/> (Sótt 28. júlí 2012)

## 4. Stjórn mála flokkarnir sem móta samfélagið

Á Íslandi eru fjórir stjórn mála flokkar sem mynda kjölfestu í íslenskum stjórn málum og bjóða bæði fram til Alþingis og í hinum ýmsu sveitarfélögum. Í daglegu tali er oft vísað til þeirra sem "fjór flokksins" en þeir eiga almennt langa sögu í íslenskum stjórn málum og hafa verið til í einhverju formi síðustu áratuginna. Flokkarnir sem um ræðir heita í dag: Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstrihreyfingin grænt framboð (hér eftir nefndir Vinstri Græn). Þessir fjórir flokkar eru turnarnir í íslenskum stjórn málum og hafa í krafti stöðu sinnar betri möguleika smærri flokkarnir til að bjóða fram á fleiri vígstöðum en bara á Alþingi. Aðrir flokkar ná ekki að stimpla sig inn að sama krafti en við erum þó með dæmi líkt og Frjálslynda flokkinn sem náðu að hafa bæði þingmenn sem og sveitarstjórnarmenn innan sinna raða, Kvinnalístin er að sama skapi einn langlífasti flokkurinn sem fellur ekki inn í hið hefbundna fjór flokkaform. Hér að neðan verður fjallað nánar um flokkana og forvera þeirra.

### Framsóknarflokkurinn

Framsóknarflokkurinn er elsti starfandi stjórn mála flokkur á Íslandi, flokkurinn var stofnaður í desember árið 1916 en var fyrst um sinn lítið annað en þingflokkur nokkura þingmanna sem komu úr hópi bænda, fimm þingmenn komu úr bænda flokknum, tveir þingmenn komu frá Óháðum bændum og svo kom einn fulltrúi frá Sjálfstæðisflokknum hinum eldri (sem lagður var niður á þriðja áratug síðustu aldar), saman mynduðu þeir Framsóknarflokkinn.<sup>13</sup> Flokkurinn starfaði í þessu formi þar til í kring um 1930 þegar honum var breytt í formlega fjöldahreyfingu með ákveðnu flokksskipulagi.<sup>14</sup> Flokkurinn bauð sig fram í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík árið 1930, það ásamt tilraun þeirra til að bjóða sig fram á Akureyri árið 1924 var tilraun flokksins til að ná betri fótfestu í þéttbýlinu en fylgi þeirra kom að mestu leyti úr sveitakjördæmunum. Átökin við að færa flokkinn yfir í þéttbýlið, hvort starfa ætti með Sjálfstæðisflokk eða Alþýðuflokk og afhröð flokksins í kosningum 1933 varð til þess að flokkurinn klofnaði í kjölfarið árið 1933 og menn á borð við Tryggva Þórhallsson

<sup>13</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Farmers' Parties: A study in Electoral Adaption*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1991), Bls 78

<sup>14</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála: Fjór flokknir 1959-1991*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1994), Bls 57-58, Framsóknarflokkurinn" Sagan í tímans rás" [http://www.framsokn.is/Flokkurinn/Sagan\\_-\\_I\\_timans\\_ras](http://www.framsokn.is/Flokkurinn/Sagan_-_I_timans_ras) (Sótt 20. júlí 2012)

sem var einn helsti leiðtogi þeirra og fyrrverandi forsætisráðherra yfirlingur flokkinn og stofnuðu bænda flokkinn, sem var þó horfinn af sjónarsviðinu árið 1942.<sup>15</sup> Annar klofningur varð árið 1974 þegar ungliðar flokksins, Möðruvallahreyfingin svokallaða klauf sig frá flokknum og gengust til liðs við Samtök Frjálslyndra og Vinstrimanna (SFV). Þessir ungliðar með Ólaf Ragnar Grímsson í broddi fylkingar voru vinstrisinnaðri en flestir aðrir flokksmenn og þegar flokksforystan lagðist gegn áformum ungliðanna um að gera Framsókn að sameiningarafli vinstriflokkanna stofnuðu ungliðarnir áður nefnda Möðruvallahreyfingu og klufu sig frá flokknum.<sup>16</sup> Framsóknarflokkurinn hefur að öðru leyti starfað án klofninga og nokkuð óbreyttur síðan og er elsti starfandi flokkur landsins með 96 ára sögu innan Alþingis og sveitarstjórna landsins. Flokkurinn hlaut sína bestu kosningu árið 1931 þegar flokkurinn hlaut 35,9% atkvæða en hlutfallslega fæstu atkvæðin fékk flokkurinn 11,7% árið 2007.<sup>17</sup>

### **Alþýðuflokkurinn / Samfylkingin**

Alþýðuflokkurinn var stofnaður árið 1916 þá sem hluti af Alþýðusambandi Íslands, flokkurinn var stjórn málaarmur Alþýðusambandsins og var starfræktur sem slíkur allt fram til árána 1940-42 þegar Sjálfstæðismenn og Sameiningarflokkur alþýðu - Sósíalístaflokkurinn (hér eftir nefndur Sósíalístaflokkurinn) leiddu saman sína ólíku hesta til að rjúfa þessi fjárhagslegu og skipulagslegu tengsl sem reyndust Alþýðuflokknum svo vel með aðild sinni að Alþýðusambandinu, flokksmönnum Sjálfstæðisflokks og Sósíalista þótti ansi óréttlátt að vera með aðild sinni að Alþýðusambandinu að greiða fjármagn sem nýttist til Alþýðuflokksins. Þónokkrir klofningar skóku Alþýðuflokkinn þann tíma sem hann var starfræktur og má þá helst nefna Kommúnístaflokkinn 1930, Sósíalístaflokkinn sem kemur sem nokkurs konar arftaki af Kommúnístaflokknum árið 1938, Alþýðubandalagið (fjallað verður um Alþýðubandalagið hér á eftir) árið 1956, Bandalag Jafnaðarmanna 1983 og að lokum Þjóðvaki árið 1994. Alþýðuflokkurinn fékk sitt lægsta atkvæðahlutfall árin 1916 og 1919 þegar þeir voru að stíga sín fyrstu skref og fengu þá 6,8% atkvæða, en flest atkvæði fékk flokkurinn árið 1978, þá 22%.<sup>18</sup>

Endalok Alþýðuflokksins merktu upphaf Samfylkingarinnar, en Samfylkingin var stofnuð árið 1999 í kjölfarið af kosningabandalagi þriggja flokka Alþýðubandalaginu,

<sup>15</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, (Reykjavík: Háskóli Íslands, 2007). bls 97 - 99

<sup>16</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, (Reykjavík: Sögufélag, 2010). bls 356

<sup>17</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 99

<sup>18</sup> Sama heimild, bls 102

Alþýðuflokknum og Samtökum um kvennalista.<sup>19</sup> Þrátt fyrir að Samfylkingin hafi verið samansett úr þessum þremur framboðum er Alþýðuflokkurinn almennt tengdur við Samfylkinguna og Alþýðubandalagið við Vinstri Græn í almennri umræðu. Í dag má að vissu leyti líta á Samfylkinguna sem regnhlífasamtök jafnaðarmanna, en eftir að þessi samtök runnu inn í Samfylkinguna höfum við séð framboð líkt og Íslandshreyfinguna undir stjórn Ómars Ragnarssonar og Margrétar Sverrisdóttur (Dóttur Sverris Hermannssonar fyrrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins og stofnanda Frjálslynda flokksins líkt og Margrét sjálf) renna inn í Samfylkinguna og hefur verið starfandi sem deild þar innanborðs. Samfylkingin hefur nú tekið þátt í fjórum kosningum frá stofnun og hefur flokkurinn allt frá stofnun hans ávallt fengið meira fylgi en Alþýðuflokkurinn fékk þann tíma sem hann starfaði. Samfylkingin fékk sín hlutfallslega flest atkvæði árið 2003 þegar flokkurinn fékk 31% atkvæða. Fæst hefur flokkurinn fengið 26,8% atkvæði, en það var bæði í kosningunum 1999 og 2007.<sup>20</sup>

## Sjálfstæðisflokkurinn

Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður árið 1929 með sameiningu Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Fyrsti formaður flokksins var Jón Þorláksson sem kom úr röðum Íhaldsflokksins líkt og flestir aðrir stofnaðilar.<sup>21</sup> Stofnun Sjálfstæðisflokksins skóp í fyrstu ekki nýjar skipulagseiningar, þingflokkur Íhaldsflokksins skipti um nafn og einn þingmaður bættist við, félögin Vörður og Heimdallur, sem stofnuð voru undir merkjum Íhaldsflokksins, fóru að starfa undir merkjum Sjálfstæðisflokksins og Morgunblaðið og Vísir fóru að skrifa í þágu hins nýstofnaða flokks.<sup>22</sup> Sjálfstæðisflokkurinn er annar elsti starfandi flokkur landsins en hann býr að órofinni sögu frá stofnun með lítið af klofningum sé lítið til klofningasögu vinstri vængs stjórnmalanna, þó má nefna þegar nokkrir óánægðir Sjálfstæðismenn buðu fram í Reykjavík árið 1953 undir nafninu Lýðveldisflokkurinn sem fékk 3,3% í kosningum það árið.<sup>23</sup> Svo ber að nefna einn af merkilegri þáttum í sögu flokksins þegar Dr. Gunnar Thoroddsen fór í ríkisstjórnarsamstarf með nokkrum sjálfstæðismönnum án stuðnings flokksins, þetta varð þó ekki að klofningi í kosningum.<sup>24</sup> Albert Guðmundsson stofnaði Borgaraflokkinn þegar Þorsteinn Pálsson þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins gaf það út að Albert ætti ekki

<sup>19</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 106

<sup>20</sup> Sama heimild, bls 107

<sup>21</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, (Reykjavík: Sjálfstæðisflokkurinn, 1989). bls 6 -9

<sup>22</sup> Hallgrímur Guðmundsson, *Uppruni Sjálfstæðisflokksins*, (Reykjavík, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og Örn & Örlygur, 1979), bls 133

<sup>23</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls 59

<sup>24</sup> Sama heimild, bls 120



möguleika á ráðherraembætti á vegum flokksins aftur, eftir að Albert sagði af sér sem ráðherra vegna skattsvikamáls sem heildverslun hans varð uppvis að, Albert og flokkur hans fengu 10,9% atkvæða í kosningunum 1987 og urðu til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hlaut sína verstu útreið fram til ársins 2009. Flokkur Alberts (Borgaraflokkurinn) hvarf þó af sjónarsviðinu í næstu kosningum enda þegar Albert var horfinn til sendiherrastarfa var lífæð Borgaraflokksins farin.<sup>25</sup> Að lokum var svo Frjálslyndi flokkurinn stofnaður árið 1998 af Sverri Hermannsyni, en fjallað verður nánar um Frjálslynda flokkinn í kaflanum um aðra flokka.<sup>26</sup> Sjálfstæðisflokkurinn hefur mest fengið 48% atkvæða í alþingiskosningum<sup>27</sup> en versta útkoma flokksins kom eins og áður sagði árið 2009 þegar flokkurinn hlaut 23,7% atkvæða.<sup>28</sup>

### **Alþýðubandalagið / Vinstrihreyfingin - grænt framboð**

Alþýðubandalagið kom fyrst á sjónarsviðið sem kosningabandalag árið 1956. Klofningsbrot úr Alþýðuflokknum undir forystu Hannibals Valdimarssonar fyrrverandi formanns Alþýðuflokksins (oft kallaðir Hannibalistar) stofnuðu til þessa bandalags við Sósíalístaflokkinn (sem var arftaki Kommúnistaflokksins sem klauf sig upprunalega frá Alþýðuflokknum) sem hafði verið stofnaður árið 1938 undir forystu Einars Olgeirssonar. Alþýðubandalagið starfaði sem kosningabandalag allt til ársins 1966 þegar undirbúningur að formlegri stofnun flokksins hófst fyrir alvöru. Árið 1968 var fyrirkomulaginu formlega breytt í stjórn málaflokk með hefbundnu sniði sem takmarkaði frelsi meðlima að vera í öðrum stjórn málaflokkum, sem var breyting frá því sem áður var, Alþýðubandalagið sem flokkur var nú formlega stofnað.<sup>29</sup> Alþýðubandalagið fékk, árið 1987, 13,3% atkvæða sem er lægsta fylgi flokksins frá upphafi. Árið 1978, hins vegar, fékk flokkurinn 22,9% atkvæða sem var þeirra mesti sigur.<sup>30</sup> Vinstrihreyfingin – grænt framboð var stofnuð sama ár og Samfylkingin eða árið 1999. Samfylkingin var eins og áður segir stofnuð af þremur flokkum, í einum þessa flokka ríkti ekki samhugur um sameininguna og fór það því svo að nokkrir áhrifamenn úr Alþýðubandalaginu með Steingrím J. Sigfússon í broddi fylkingar stofnuðu Vinstrihreyfinguna – grænt framboð sem kemur hugmyndafræðilega í beinu framhaldi af Alþýðubandalaginu þrátt fyrir að

<sup>25</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 109

<sup>26</sup> Sama heimild, bls 110

<sup>27</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls 151

<sup>28</sup> Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Alþingiskosningar 25. apríl 2009*, (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010), bls 1

<sup>29</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála: Fjórflökkarnir 1959-1991*, bls 77 - 80

<sup>30</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 104

formlega hafi Alþýðubandalagið gengið í Samfylkinguna. Vinstri Græn hafa minnst fengið 8,8% fylgi árið 2003,<sup>31</sup> en þeir unnu stórsigur og fengu 21,7% atkvæða árið 2009.<sup>32</sup>

## Aðrir flokkar

Fjölmargir aðrir flokkar hafa komið fram á sjónarsviðið í gegn um tíðina, sem eru ekki hluti af hinum svokallaða fjórflokk, en þá má finna í sögunni annars vegar á þingi og hins vegar í sveitarstjórnnum. Ekki verður farið ítarlega yfir þau framboð en stiklað hefur verið á stóru í yfirferðinni um flokkana sem klufu sig frá fjórflokknum og buðu fram til þings. Það eru þó flokkar sem vert er að fjalla örlítið um, þó ekki hafi þeir talist til hins eiginlega fjórflokks.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna voru stofnuð árið 1969 sem nýtt afl sem átti að mynda mótvægi við fjórflokkinn. Þeir náðu kjöri í kosningunum 1971 og 1974 en féllu út af þingi í kosningunum 1978. Samtökin komu sem möguleiki fyrir ósátta Alþýðuflokksmenn og Framsóknarmenn og eru talin hafa átt umtalsverðan þátt í falli Viðreisnarstjórnarinnar 1971.<sup>33</sup>

Árið 1983 bauð Bandalag Jafnaðarmanna fram með Vilmund Gylfason í broddi fylkingar. Vilmundur barðist mikið fyrir endurnýjun á starfsháttum og stefnu Alþýðuflokksins þegar hann var þar félagi, hann átti meðal annars mikinn þátt í því að flokkurinn tók upp opið prófkjör.<sup>34</sup> Vilmundur, sem var sonur Gylfa Þ. Gíslasonar fyrrverandi formanns Alþýðuflokksins sneri baki við flokknum og bauð fram í Bandalagi Jafnaðarmanna. Flokkurinn sem hafði notið nokkurs fylgis í könnunum hlaut 7,3% atkvæða og fjóra þingmenn. Vilmundur tók þau úrslit nærri sér og leit á þetta sem vonbrigði, en hann lést stuttu seinna. Bandalag Jafnaðarmanna hvarf að miklu leyti eftir að mikill hluti félaga gengu aftur til liðs við Alþýðuflokkinn.<sup>35</sup>

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 1982 buðu sérstakir kvennalistar sig fram í Reykjavík og á Akureyri, en ári seinna var stofnuð ný hreyfing sem kölluð var Samtök um kvennalista. Aðstandendur listans náðu inn á þing og varð kvennalistinn í raun langlífasti flokkurinn sem kom ekki frá hinu hefbundnu fjögurra flokka kerfi fram að deginum í dag.<sup>36</sup>

<sup>31</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 106 - 107

<sup>32</sup> Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Alþingiskosningar 25. apríl 2009*, bls 1

<sup>33</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 108

<sup>34</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls 388

<sup>35</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 109

<sup>36</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls 395

Samtökin fengu 5,5% atkvæða og þrjá þingmenn í kosningunum 1983 en juku svo fylgi sitt árið 1987 í 10,1%. Listinn tapaði svo fylgi í næstu tveimur kosningum á eftir en náðu þó að halda sér á þingi. Samtök um Kvinnalista runnu svo inn í Samfylkinguna eins og áður hefur komið fram.<sup>37</sup>

Borgaraflokkurinn var stofnaður af Albert Guðmundssyni árið 1987 í kjölfarið af uppsögn hans sem ráðherra vegna skattsvikamáls sem fyrirtæki hans varð uppvíst að. Þegar ljóst var að Albert myndi ekki verða ráðherra aftur fyrir Sjálfstæðisflokkinn tók hann sig til og stofnaði Borgaraflokkinn. Albert sem hafði verið borgarfulltrúi, þingmaður og ráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn var áður vinsæll fótboltamaður og ákaflega áhrifamikill stjórnmálamaður. Borgaraflokknum tókst að ná 10,9% atkvæða og verða eitt mesta högg sem komið hefur á Sjálfstæðisflokkinn frá stofnun hans og fram til ársins 2009. Albert hvarf til sendiherrastarfa í París árið 1989 og hvarf Borgaraflokkurinn af sjónarsviðinu í kjölfarið.<sup>38</sup>

Jóhanna Sigurðardóttir núverandi forsætisráðherra klauf sig frá Alþýðuflokk árið 1995 og stofnaði Þjóðvaka eftir að hafa tapað fyrir Jóni Baldvini Hannibalssyni í formannskjöri Alþýðuflokksins árið 1994. Hún hafði mikinn meðbyr jafnvel áður en formlega var tilkynnt um framboð hennar og stofnun Þjóðvaka.<sup>39</sup> Þjóðvaki fékk að lokum 7,1% atkvæða í kosningum og fjóra þingmenn kjörna. Á kjörtímabilinu gengu þó allir þingmenn flokksins að Jóhönnu undanskilinni í Alþýðuflokkinn og eftir að hafa verið utan flokka um tíma bauð Jóhanna fram í Samfylkingunni árið 1999<sup>40</sup>

Frjálslyndi flokkurinn var, líkt og áður segir, stofnaður árið 1998 af Sverri Hermannssyni fyrrverandi þingmanni Sjálfstæðisflokksins. Sverrir fékk meðal annars Guðjón Arnar Kristjánsson, sem var stórtækur sjálfstæðismaður á vestfjörðum, í lið með sér en Guðjón tók síðar við forystu í flokknum. Flokkurinn sem hafði kvótamálin í sjávarútvegi, sem sitt stærsta mál fékk 4,2% atkvæða í kosningum árið 1999 og tvo þingmenn kjörna. Þeir tvöfölduðu þingmannafjölda sinn árið 2003 og fengu þá 4 þingmenn kjörna.<sup>41</sup> Þeim tókst að ná mönnum inn á þing allt þar til kosninganna 2009 þegar Frjálslyndi flokkurinn féll af þingi.<sup>42</sup>

<sup>37</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 108

<sup>38</sup> Sama heimild, bls 109

<sup>39</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls 517

<sup>40</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, bls 110

<sup>41</sup> Sama heimild, bls 110

<sup>42</sup> Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Alþingiskosningar 25. apríl 2009*, bls 1

Frjálslyndi flokkurinn hefur einnig boðið fram í sveitarstjórnnum víðsvegar og náð kjöri í sumum sveitarfélögum líkt og í Reykjavík, það má sjá í kosningatöflunum sem eru hér síðar í ritgerðinni.

Nýjasta dæmið um flokka sem utan fjórflokksins hafa starfað og náð á þing er Borgarahreyfingin. Þessi hreyfing kom saman eftir bankahrunið svokallaða árið 2008 og buðu fram um allt land. Borgarahreyfing náði fjórum þingmönnum inn í kosningunum 2009. Fljótlega kom þó ágreiningur upp og einn þingmaður sagði sig frá Borgarahreyfingunni, en hinir þrír sögðu sig úr flokknunum stuttu síðar og stofnuðu þingflokk sem fékk nafnið Hreyfingin.<sup>43</sup>

Án þess að gefa sveitarstjórnarkosningunum árið 2010 einhvern sérstakan sess hér voru þær þó nokkuð einstakar í íslenski stjórnmalasögu, þá sérstaklega með tilliti til framboða utan "fjórflokksins" sem náðu að ryðja sér rúms og komast til valda þar sem "fjórflokkurinn" var með sterka stöðu fyrir. Besti flokkurinn í Reykjavík og L listinn á Akureyri eru dæmi um þau framboð sem helst ber að nefna í þessu ljósi. Besti flokkurinn fékk flest atkvæði flokkanna í Reykjavík, þrátt fyrir að vera með litla sem enga stefnuskrá og náði að mynda starfhæfan meirihluta með Samfylkingu eftir kosningar. L listinn á Akureyri náði svo þeim einstaka áfanga að ná hreinum meirihluta gegn „fjórflokknum“ sem hlaut afhröð í kosningunum á Akureyri. Ólíkt Besta flokknunum hafði L listinn boðið fram frá árinu 1998 og fengu þeir einn mann kjörinn í kosningunum 1998 og 2006, tvo menn árið 2002,<sup>44</sup> en heila sex fulltrúa árið 2010 af 11 bæjarfulltrúum Akureyrar.<sup>45</sup>

---

<sup>43</sup> Hreyfingin "Uppruni" <http://www.hreyfingin.is/hreyfing.html> (Sótt 6. September 2012)

<sup>44</sup> L - listinn "Um L listann" <http://www.l-listinn.is/page/um-l-listann> (Sótt 14. ágúst 2012)

<sup>45</sup> Akureyri "Bæjarfulltrúar á Akureyri 2010 - 2014" <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/baejarstjorn/baejarfulltruar-2010-2014> (Sótt 14. ágúst 2012)

## 5. Umhverfið sem var

Til að draga skýra mynd af úrtakinu voru valin tvö tímabil, 1978 - 1986 og 2002 – 2010, með mismunandi ríkisstjórnnum og mismunandi tíðaranda í íslensku samfélagi. Þessi tímabil endurspeglast þó í efnahagserfiðleikum, en fyrra tímabilið byrjar í efnahagserfiðleikum og hið seinna endar í erfiðleikum. Vonast er til að þessi speglun gefi betri mynd af viðfangsefninu. Á fyrra tímabilinu er mikill stjórn málaórói sem endurspeglast í tíðum stjórnarskiptum og stjórnarkreppum á tímum, seinna tímabilið er hins vegar frekar rólegt, þ.e.a.s. fyrri partur þess og veitir því ákveðna sýn á tímabil þegar sama ríkisstjórn hefur setið lengi. Með vali á þessu tiltekna tímabili vonast höfundur til þess að breiddin sem þarf að hafa við athugun sem þessa sé náð og þeir þættir sem áhrif geti haft séu nógu víðtækir til að niðurstöður verkefnisins verði sterkari. Skoðuð verða 7 mismunandi sveitarfélög af stærri gerðinni en þau eru: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Akureyri og Reykjanesbær. Einnig verður Sveitarfélagið Ölfus skoðað en það telur tæplega 2000 íbúa, ástæða þess að Ölfus er valið eru tengsl höfundar við sveitarfélagið og var það í raun kveikjan að verki því sem hér er ritað. Til samanburðar getur einnig verið ágætt að taka eitt smærra sveitarfélag með þeim stærri þar sem hugarfar og atferli kjósenda getur breyst með stærðum sveitarfélaga þar sem nándin getur haft mikil áhrif á fólk og þar sem fáir búa eru líkur til þess að persónurnar sem eru í framboði séu farnar að skipta meira máli en flokkarnir sem bjóða fram, ólíkt því sem gerist í stærri sveitarfélögum þar sem fólk þekkist ekki náíð og verður þá að horfa meira í stefnumál flokkana til að vega og meta hvert atkvæði þeirra eiga að fara.

Hér að neðan verður farið yfir kosningaúrslit í ofangreindum sveitarfélögum sem eru til umfjöllunar, en farið verður yfir 6 kosningar frá tveimur mismunandi tímabilum. Farið verður fyrst yfir þau ár sem valin voru í úrtakið, hvað var markvert að gerast og hvaða ríkisstjórnir sátu. Að því loknu verður farið yfir hvert sveitarfélag fyrir sig og kosningaúrslit tímabilanna 1978 - 1986 og 2002 - 2010 skoðuð.

## Umhverfið 1978

Á árunum fyrir kosningarnar árið 1978 hafði mikill verðbólgu og kjaravandi ríkt á Íslandi og reyndu stjórnvöld með ýmsu móti að sporna við þessu og fóru í umfangsmiklar aðgerðir sem komu í kjölfarið af Sólstöðusamningunum sem Alþýðusambandið hafði knúið fram með verkföllum og yfirvinnubanni. Laun hækkuðu, ákvæði um verðbætur urðu afdráttarlausari en áður og fylgdu önnur verkalýðsfélög á eftir, þar á meðal BSRB (Bandalag starfsmanna ríkis og bæja) sem hafði fengið verkfallsrétt sinn árið áður og fór í sitt fyrsta verkfall um haustið 1977.<sup>46</sup> Í ársbyrjun 1978 fór ríkisstjórnin í frekari aðgerðir og sneru verkalýðshreyfingin, og stjórnarandstaðan upp á hendurnar á ríkistjórninni sem rétt fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1978 gaf eftir með bráðabirgðarlögum hluta af fyrri kjaraskerðingu sem náð hafði verið með hinum svokölluðu Sólstöðusamningum. Þrátt fyrir þessa aðgerð guldu stjórnarflokkarnir afhroð í alþingiskosningunum sem kostuðu þá 5 þingsæti hvor.<sup>47</sup> Þau stórtíðindi urðu einnig á sveitarstjórnarstigunum í sveitarstjórnarkosningunum sem voru haldnar fyrr á sama ári en þar missti Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta sinn í Reykjavík, sem hann hafði haldið óslitið frá stofnun flokksins á meðan stjórnarandstöðuflokkurinn (Alþýðubandalagið) vann mikinn sigur.<sup>48</sup> Eftir alþingiskosningarnar varð langur aðdragandi að myndun nýrrar ríkisstjórnar, en það tók tvo mánuði að mynda ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags undir forsæti Ólafs Jóhannessonar. Þessi stjórn varð þó ekki langlíf og varð svo úr að Ólafur rauf þing og boðaði til kosninga haustið 1979 aðeins rúmu ári eftir stjórnarmyndunina.<sup>49</sup>

## Umhverfið 1982

Eftir alþingiskosningarnar í desember 1979 voru miklir erfiðleikar í stjórnarmyndun og var það ekki fyrr en nýtt ár hafði gengið í garð að ný ríkisstjórn leit dagsins ljós í byrjun árs 1980. Þessi ríkisstjórn gerði stjórn málaumhverfið á Íslandi ákaflega sérstakt því auk Framsóknarflokks og Alþýðubandalags var ríkisstjórnin mynduð með hluta af þingliði Sjálfstæðisflokksins. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins Dr. Gunnar Thoroddsen hafði myndað ríkisstjórn ásamt nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins án þess að hafa stuðning formanns flokksins Geirs Hallgrímssonar. Þetta gerði það að verkum að á þessum

<sup>46</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen: Ævisaga*, (Reykjavík: JPV útgáfa, 2010). bls 434 - 435

<sup>47</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls 379

<sup>48</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls 114

<sup>49</sup> Guðni Th. Jóhannesson. "Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 - 2007." *Stjórnsmál og Stjórnsýsla*, (2007): 5 - 41. bls 10 - 12

tíma var Sjálfstæðisflokkurinn bæði í stjórn og stjórnarandstöðu á þingi.<sup>50</sup> Þetta varð kveikjan að miklum deilum en Geir reyndi hvað hann gat að láta þetta ekki kljúfa flokkinn. Hann beindi, til að mynda, frá landsfundi tillögu Ungra Sjálfstæðismanna um að stuðningur þingmanna við ríkistjórn í andstöðu við flokksráð þýddi í raun úrsögn úr flokknum, en Geir lagði til að þetta yrði rætt í miðstjórn. Til tíðinda dró svo um haustið í prófkjöri til alþingiskosninga fyrir árið 1983 þegar Geir hafnaði í 7. sæti listans á meðan Albert Guðmundsson einn þeirra þingmanna sem studdu ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens lenti í fyrsta sæti prófkjörsins.<sup>51</sup>

Tíminn frá kosningunum 1979 var Íslendingum áfram erfiður, sífelld jókst verðbólgan og sveiflaðist á milli 45 til 60% á ári, þetta var gríðarlega hættulegur tími fyrir efnahagslífið og fór það svo að í tilraun til að stemma stigu við vandann voru tvö núll tekin af krónunni árið 1981, það gekk þó ekki betur en svo að 30 mánuðum liðnum var nýkrónan komin niður í þriðjung af upphaflegum kaupmætti sínum.<sup>52</sup>

## Umhverfið 1986

Í alþingiskosningunum árið 1983 komu tveir nýir flokkar inná þing, Bandalag Jafnaðarmanna og Samtök um Kvinnalista. Þar sem sigurvegari kosninganna var Sjálfstæðisflokkurinn veitti þáverandi forseti Vigdís Finnbogadóttir, Geir Hallgrímssyni formanni Sjálfstæðisflokksins umboð til stjórnarmyndunar. Þetta var í fjórða og síðasta skiptið sem Geir hlaut stjórnarmyndunarumboð og tókst honum ekki í þetta skiptið frekar en hin þrjú að mynda stjórn (hann varð þrátt fyrir það forsætisráðherra árið 1974 þegar Ólafur Jóhannesson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins myndaði stjórn með Sjálfstæðisflokknum sem Geir veitti þó forsæti). Vigdís þurfti að veita umboð fjórum sinnum og það var eigi fyrr en Steingrímur Hermannsson formaður Framsóknarflokksins fékk umboðið í annað sinn að samkomulag náðist um stjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks, Steingrímur varð forsætisráðherra og Sjálfstæðisflokkurinn fékk fleiri ráðherrastóla í ríkistjórninni, en framundan var vinna í efnahagsmálunum.<sup>53</sup>

<sup>50</sup> Guðni Th. Jóhannesson. "Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 - 2007." bls 11 - 14

<sup>51</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls 120 - 122

<sup>52</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls 379

<sup>53</sup> Guðni Th. Jóhannesson. "Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 - 2007." bls 14 - 15

Hin nýja stjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks lét verkin tala í efnahagsmálunum og vann hörðum höndum að því að vinna gegn verðbólgunni sem var þá um 132% ef hækkun framfærsluvísitölu frá febrúar til maí var framreiknuð til heils árs. Stjórnin tók kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi, bannaði verðtryggingu launa í tvö ár og felldu gengið, þeir tilkynntu þó að útflutningsframleiðslan yrði að lifa við gengið óbreytt. Allir áttu að taka þátt í ná verðbólgunni niður, fyrirtæki sem og launafólk.<sup>54</sup>

Á þessum tíma var þjóðfélagið að breytast og opnast, unnið var að því að ýta frá ákveðnum höftum og auka frelsi borgarana. Helgi Skúli Kjartansson segir frá dæmum af breytingunum sem um ræðir í bók sinni "Ísland á 20. Öld." Þar segir hann meðal annars frá því að árið 1984 hafi borgarstjórn Reykjavíkur heimilað hundahald í borginni með ströngum skilyrðum þó, aðrir bæir fylgdu einnig fordæminu sem Reykjavík hafði sett, misjafnt var hversu alvarlega var tekið á hundahaldi en Albert Guðmundsson þáverandi fjármálaráðherra var einn af þeim sem varð kærður fyrir hundahald, hans mál var í hámmæli þegar borgarstjórn heimilaði hundahald að nýju. Tímamót urðu svo í fjölmiðlasögu Íslands árið 1986 þegar RÚV naut ekki lengur þeirrar stöðu að vera eitt á markaði, Stöð 2 kom fram á sjónarsviði. Friðurinn var úti og fimmtudagskvöld voru ekki lengur sjónvarpslaus.<sup>55</sup>

## Umhverfið 2002

Árið 1999 var ný uppstokkun á vinstri væng stjórnmalanna. Tilraun var gerð til að sameina vinstri flokkana sem höfðu átt mikla klofningasögu á síðustu öld. Samþykkt var að Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Samtök um kvennalista myndu starfa saman undir einum fána, og varð því úr að Samfylkingin var stofnuð. Ekki voru þó allir sáttir við þetta og stofnuðu nokkrir aðilar úr Alþýðubandalaginu nýjan flokk sem fékk nafnið Vinstri græn. Tilraunin til að sameina vinstrið leit út fyrir að hafa mistekist, Samfylkingin virtist taka við kefli Alþýðuflokks og Vinstri Grænir frá Alþýðubandalaginu, vinstri flokkunum fækkaði þó úr fjórum í tvo (þ.e. áður Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Samtök um kvennalista og Þjóðvaki) þessir flokkar voru nú orðnir að Samfylkingu og Vinstri Grænum.<sup>56</sup>

---

<sup>54</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls 470 - 471

<sup>55</sup> Sama heimild, bls 448 - 450

<sup>56</sup> Sama heimild, bls 516 - 520



Í alþingiskosningunum sem haldnar voru árið 1999 náði ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem var mynduð undir forystu Davíðs Oddsonar árið 1995 að halda velli og þrátt fyrir uppstokkun á vinstri vængnum voru vinstrimenn áfram utan ríkisstjórnar.<sup>57</sup>

## Umhverfið 2006

Á þessum tíma var mikil uppsveifla, ríkissjóður styrktist talsvert og varð sterkari með ári hverju. Þetta mátti að miklu leyti rekja til einkavæðingarinnar sem hafði staðið yfir síðustu árin.<sup>58</sup> Einkavæðing bankanna átti sér stað á árunum 1997 til og með ársins 2003. Rannsóknarnefnd Alþingis sem sett var á laggirnar eftir hrunið fjallaði ítarlega um einkavæðinguna þar sem talið var að hún hafi átt drjúgan þátt í því hvernig fór árið 2008.<sup>59</sup> Alþingiskosningar voru haldnar árið 2003 þar sem ríkisstjórn Davíðs Oddsonar tókst í annað sinn að halda nægjanlegum þingstyrk til að viðhalda stjórnarsamstarfinu þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tapað fjórum þingsætum í kosningunum.<sup>60</sup> Ríkisstjórn var áfram skipuð Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Á tímabilinu hættu báðir formenn stjórnarflokkanna, en Halldór Ásgrímsson hætti sem formaður Framsóknarflokksins eftir afhroð Framsóknar í sveitarstjórnarkosningunum 2006 og Davíð Oddson sem hafði verið áberandi síðustu áratugina fyrst sem borgarstjóri Reykjavíkur og síðar sem forsætisráðherra í 13 ár, hætti sem formaður Sjálfstæðisflokksins árið 2005. Báðir skildu þeir við flokka sína í ríkisstjórn.<sup>61</sup>

## Umhverfið 2010

Öfugt við fyrra tímabilið 1978 - 1986, sem byrjaði í efnahagslegum erfiðleikum og endaði í meiri stöðuleika eftir yfirgripsmiklar aðgerðir, hófst tímabilið 2002 - 2010 á efnahagslega stöðugum tíma sem virtist vera í vexti fram eftir tímabilinu en endaði svo í því sem kallað er "Hrunið" árið 2008, tímabilið sem byrjaði vel, en endaði í efnahagslegu stórslysi. Þetta átti eftir að setja sitt mark á Ísland og varð nánast að nýju tímatali líkt og orðtakið "fyrir og eftir hrun" ber með sér. Þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, hélt tilfinningaþrungið ávarp

<sup>57</sup> Guðni Th. Jóhannesson. "Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 - 2007." bls 22

<sup>58</sup> Fjármálaráðuneytið "Útgáfa - Lækkandi skuldabyrði ríkissjóðs"

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar\\_frettir/2006/11/08/nr/7125](http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar_frettir/2006/11/08/nr/7125) (Sótt 28. ágúst 2012)

<sup>59</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir: Bindi 1*, (Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008, 2010), bls 227 - 228

<sup>60</sup> Hagstofa Íslands, *Alþingiskosningar 10. maí 2003* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2004), bls 15

<sup>61</sup> Guðni Th. Jóhannesson. "Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 - 2007." bls 22 - 23

mánudaginn 6. október 2008 þar sem hann fjallaði um hina efnahagslegu vá sem stóð fyrir dyrum, en Geir lokaði ávarpi sínu til þjóðarinnar með orðunum "Guð blessi Ísland".<sup>62</sup>

Ríkisstjórn Geirs H. Haarde náði að halda velli í kosningunum 2007, en með naumum eins manns meirihluta, fór það því svo að ný stjórn var mynduð með Samfylkingunni í maí 2007.<sup>63</sup> Í ársbyrjun árið 2009 tilkynnti Geir um slit á ríkisstjórninni í kjölfarið á þeim miklu efnahagsörðuleikum sem urðu í október 2008 og eftir mikil mótmæli almennings sem settu svip sinn á þjóðfélagið mánuðunum eftir hrunið. Fór það svo að Framsóknarflokkurinn samþykkti að veita minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri Grænna stuðning fram að kosningunum sem haldnar voru í apríl 2009. Samfylking og Vinstri Græn náðu meirihluta atkvæða og mynduðu stjórn eftir sögulegt afhroð Sjálfstæðisflokksins.<sup>64</sup>

---

<sup>62</sup> Forsætisráðuneytið "Ávarp forsætisráðherra vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði" <http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/3034> (Sótt 26. ágúst 2012)

<sup>63</sup> Guðni Th. Jóhannesson. "Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 - 2007." bls 39

<sup>64</sup> Hagstofa Íslands, *Alþingiskosningar 25. apríl 2009*, bls 1

## **6. Sveitarfélögin og kosningaúrslit**

Í töflunum sem birtar eru hér að neðan, er að finna úrslit úr sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Akureyri, Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi. Fremsti dálkurinn í töflunum tiltekur hvaða stjórnmálaflokk um ræðir í það og það skiptið. Þar á eftir koma 12 dálkar sem skiptast í 6 kosningaár; 1978, 1982, 1986, 2002, 2006 og 2010. Hvert kosningaár eru 2 dálkar en í fyrri dálknum er hlutfall atkvæða sem flokkurinn fékk og í þeim seinni er fjöldi fulltrúa. Í neðstu röðinni kemur svo fram heildarfjöldi fulltrúa sem hljóttast í hverjum kosningum fyrir sig. Þeir flokkar sem fjallað er um eru hinir svokölluðu "fjórflakkar". Önnur framboð eru tiltekin í röð undir nafninu "aðrir", nánar er svo tilgreint hvaða framboð eru í þeim flokki fyrir hverjar kosningar í skýringu undir töflunum.

## Reykjavík

Embætti borgarstjóra Reykjavíkur var stofnað árið 1908 og stækkaði borgin jafnt og þétt eftir þann tíma.<sup>65</sup> Reykjavík er nú höfuðborg Íslands sem og stærsta sveitarfélag landsins með íbúafjölda upp á 118.814 íbúa þann 1. janúar 2012.<sup>66</sup> Reykjavík hefur verið eitt af höfuðvígjum Sjálfstæðisflokksins í gegn um tíðina og var flokkurinn alltaf með meirihluta í borginni frá stofnun flokksins fram til ársins 1978.

**Tafla 2: Úrslit borgarstjórnakosninga í Reykjavík**

Flokkar	1978		1982		1986		2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur	9,4%	1	9,5%	2	7%	1			6,3%	1	2,7%	
Sjálfstæðisflokkur	47,4%	7	52,5%	12	52,7%	9	40,2%	6	42,9%	7	33,6%	5
Alþýðuflokkur	13,4%	2	8%	1	10%	1						
Alþýðubandalag	29,7%	5	19%	4	20,3%	3						
Samfylking									27,4%	4	19,1%	3
Vinstri Grænir									13,5%	2	7,1%	1
R - listinn							52,6%	8				
<b>Aðrir*</b>			10,9%	2	10,1%	1	7,3%	1	10,1%	1	37,4%	6
Samtals	100%	15	100%	21	100%	15	100%	15	100%	15	100%	15

\*Aðrir flokkar eru: 1982: Kvinnalistinn (10,9%) 2 fulltrúar. 1986: Flokkur Mannsins (2%), Kvinnalistinn (8,1%) 1 fulltrúi. 2002: Húmanistaflokkurinn (0,2%), Vinstri hægri snú (0,4%), Frjálslyndir og óháðir (6,1%) 1 fulltrúi. 2006: Frjálslyndi flokkurinn og óháðir (10,1%) 1 fulltrúi. 2010: Reykjavíkurframboðið (1,1%), Framboð um heiðarleika og almannahagsmuni (1,1%), Frjálslyndi flokkurinn og óháðir (0,5%), Besti flokkurinn (34,7%) 6 fulltrúar.<sup>67</sup>

Við fyrstu sýn gæti einhver sagt að úrslitin árið 1978 væru góð fyrir Sjálfstæðisflokkinn, en sé litið á sögu hans í Reykjavík í heild sinni kemur fram að þetta er í fyrsta sinn frá stofnun flokksins sem hann nær ekki meirihluta í borginni. Fjórflokkarnir eru einu framboðin þetta árið. Árið 1982 eykur Sjálfstæðisflokkurinn við sig fylgi á meðan vinstri flokkarnir missa báðir fylgi og fulltrúa, Kvinnalistinn kemur til sögunnar og nær inn tveimur fulltrúum, það merkilega gerist að þrátt fyrir að vinstri flokkarnir höfðu aukið heildar fulltrúafjöldann í

<sup>65</sup> Svanur Kristjánsson. "Ísland á leið til lýðræðis - löggjöf um stjórn Reykjavíkur 1872 - 1914" *Ritið*, (2006): 115 - 142. bls 126

<sup>66</sup> Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi" <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelag> (Sótt 1. september 2012)

<sup>67</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988), bls 934 - 937

Sama heimild, bls 1022 - 1025

Sama heimild, bls 1076

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2005), bls 28

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2009), bls 39

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010), bls 39

Reykjavík í 21 úr 15 missa þeir samt fulltrúa í þeim kosningum, þeir sex auka fulltrúar sem þeir bættu við fóru því allir á aðra flokka. Sjálfstæðisflokkurinn fækkar fulltrúafjöldanum aftur niður í 15 fyrir kosningarnar 1986 og misstu allir fulltrúa nema Alþýðuflokkurinn sem hélt sínum eina, en fylgi flokkanna breyttist óverulega frá síðustu kosningum. Árið 2002 eru Framsókn, Samfylking og Vinstri Græn í kosningabandalagi sem hófst árið 1994 undir nafninu R-listinn. Þeir náðu meirihluta atkvæða en verulega hafði fjarað undan Sjálfstæðisflokknum frá fyrra tímabili og eru þeir komnir með um 40% fylgi samanborið við um 50% á fyrra tímabilinu. Árið 2006 bjóða allir fjórflokkarnir fram undir eigin merkjum. Sjálfstæðismenn bæta þá við sig einum fulltrúa, Frjálslyndir halda sínum og Framsókn, Samfylking og Vinstri Græn (R-listinn) tapa sameiginlega einum fulltrúa. fjórum árum síðar (árið 2010) tapa allir fjórflokkarnir fulltrúa í borgarstjórn og nær Framsókn nær ekki manni inn. Fram að þessu hafði venjan verið sú að þeir flokkar sem standa utan fjórflokksins virtust vanalega fá í kring um 10% fylgi en þetta breyttist árið 2010 Nýtt framboð kom til sögunnar, Besti flokkurinn að nafni, og nær 34,7% fylgi og sex fulltrúum inn í borgarstjórn.

## Kópavogur

Kópavogur fékk kaupstaðarréttindi árið 1955 og voru 6.213 manns skráðir í bænum 1. desember 1960. Mannfjöldi Kópavogs jókst jafnt og þétt næstu áratuginu og 1. janúar 2012 voru bæjarbúar orðnir 31.205 að tölu.<sup>68</sup>

**Tafla 3: Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Kópavogi**

Flokkar	1978		1982		1986		2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur	18%	2	18,1%	2	13,6%	1	27,9%	3	12,3%	1	7,2%	1
Sjálfstæðisflokkur	15,3%	2	42,1%	5	32,1%	4	37,7%	5	45,3%	5	30,2%	4
Alþýðuflokkur	15,5%	2	16,5%	2	24,5%	3						
Alþýðubandalag	27,3%	3	23,3%	2	27,9%	3						
Samfylking							28,3%	3	31,8%	4	28,1%	3
Vinstri Grænir							6,1%	-	10,6%	1	9,8%	1
<b>Aðrir*</b>	23,9%	2			1,9%	-					24,7%	2
Samtals	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11

\*Aðrir flokkar eru: 1978: Borgarar (12,7%) 1 fulltrúi, Sjálfstæðisfólk í Kópavogi (11,1%) 1 fulltrúi, 1986: Flokkur Mannsins (1,9%). 2010: Frjálslyndi flokkurinn (0,7%), Næst besti flokkurinn (13,8%) 1 fulltrúi, Listi Kópavogsbúa (10,2%) 1 fulltrúi.<sup>69</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn hefur tímabilið 1978 á fylgishruni frá síðustu kosningum þegar hann fékk 37% atkvæða. Í næstu kosningum á eftir (árið 1982) eru einungis fjórflokkarnir í framboði og er Sjálfstæðisflokkurinn eini flokkurinn sem bætir við sig fylgi. Alþýðubandalagið tapar fulltrúa en aðrir flokkar standa í stað. Árið 1986 tapa Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn báðir manni, vinstri flokkarnir Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag bæta bæði við sig einum manni hvor. Einn flokkur utan fjórflokksins býður fram en hlýtur óverulegt magn atkvæða og engan fulltrúa. Árið 2002 eru bara fulltrúar fjórflokkanna í framboði og ná þrír þeirra mönnum, Framsókn, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking en Vinstri Græn ná ekki manni inn. Fjórflokkarnir eru áfram einir í framboði árið 2006 og ná þeir allir mönnum inn. Fylgi Framsóknar hrynur og missir flokkurinn tvo fulltrúa á meðan Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi (en heldur sama fulltrúafjölda) og vinstri flokkarnir bæta við sig einum manni hvor.

<sup>68</sup> Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi" <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelag> (Sótt 1. september 2012)

<sup>69</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, bls 934 - 937

Sama heimild, bls 1022 - 1025

Sama heimild, bls 1076

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002*, bls 28

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006*, bls 39

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010*, bls 39

Árið 2010 missa Sjálfstæðismenn og Samfylking einn mann hvor og Vinstri Græn og Framsókn halda sínum manni, tvö framboð utan fjórflokksins ná manni inn hvort og tæplega 25% atkvæða fara á flokka utan fjórflokksins.

## Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarkaupstaður var stofnaður úr landi Garðahrepps árið 1907. Íbúafjöldi kaupstaðarins var 1.546 þann 1. desember 1910, um eitthundrað árum síðar eða 2012 voru íbúar Hafnarfjarðar orðnir 26.486 samkvæmt tölum hagstofunnar þann 1. janúar.<sup>70</sup>

**Tafla 4: Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Hafnarfirði**

Flokkar	1978		1982		1986		2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur	8,2%	1	9,7%	1	5%	-	6,3%	-	3,1%	-	7,3%	-
Sjálfstæðisflokkur	36,1%	4	37,5%	5	32,1%	4	40,6%	5	28,1%	3	37,2	5
Alþýðuflokkur	21,3%	2	20,9%	2	35,3%	5						
Alþýðubandalag	14,9%	2	12,5%	1	10,7%	1						
Samfylking							50,2%	6	56,4%	7	40,9	5
Vinstri Grænir							2,9%	-	12,4%	1	14,6	1
<b>Aðrir*</b>	19,5%	2	19,4%	2	16,9%	1						
Samtals	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11

\*Aðrir flokkar eru: 1978 Félag óháðra borgara (19,5%) 2 fulltrúar. 1982: Félag óháðra borgara (19,4%) 2 fulltrúar. 1986: Frjálst framboð (7,1%) 1 fulltrúi, Félag óháðra borgara (3,8%), Flokkur mannsins (1,5%), Kvennalisti (4,5%).<sup>71</sup>

Í Hafnarfirði ná fjórflokkarnir allir inn mönnum árið 1978, tæp 20% kusu annan valkost en fjórflokkinn. Slíkt hið sama er uppi á teningnum árið 1982 en þá styrkist Sjálfstæðisflokkurinn og bætir við sig einum manni á meðan Alþýðubandalagið missir einn fulltrúa. Árið 1986 koma fram þrjú ný aukaframboð og eru því fjórir flokkar utan fjórflokksins í framboði, og lækkar prósentuhlutfall kjósenda sem völdu annan valkost en fjórflokkinn. Alþýðuflokkurinn bætir miklu við fylgi sitt en aðrir flokkar missa fylgi og Framsókn dettur út. Árið 2002 komast bara tvö framboð inn (Sjálfstæðisflokkur og Samfylking), en hinir tveir úr fjórflokknum ná ekki

<sup>70</sup> Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi" [http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog](http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelag) (Sótt 1. september 2012)

<sup>71</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, bls 934 - 937

Sama heimild, bls 1022 - 1025

Sama heimild, bls 1076

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002*, bls 28

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006*, bls 39

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010*, bls 39

manni inn. Fjórum árum seinna (árið 2006) bætir Samfylkingin við sig miklu fylgi og nær yfirgnæfandi meirihluta. Vinstri Græn komast einnig inn en Sjálfstæðisflokkurinn tapar talsverðu fylgi. Árið 2010 tapar Samfylkingin fylgi og tveimur fulltrúum, önnur framboð bæta við sig fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn tekur til sín þessa tvo fulltrúa sem Samfylkingin missti og Framsókn kemst ekki ennþá inn.

## Garðabær

Garðahreppur varð til árið 1878 þegar Álftarneshrepp var skipt upp í Garðahrepp og Bessastaðahrepp, breytingar urðu þó á landskiptingu Garðahrepps þegar Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1908, en þá fækkaði íbúum hreppsins sem tók ekki að fjölga aftur fyrr en á þriðja áratugnum. Garðahreppur fékk kaupstaðarréttindi þann 1. janúar árið 1976 með íbúafjölda upp á 4.108.<sup>72</sup> 1. janúar 2012 voru íbúar Garðabæjar 11.283.<sup>73</sup>

**Tafla 5: Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Garðabæ**

Flokkar	1978		1982		1986		2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur	16,2%	1	12,9%	1	10,8%	1					5,4%	-
Sjálfstæðisflokkur	47,4%	4	60,5%	5	52,9%	4	54,2%	4	62,4%	4	63,5%	5
Alþýðuflokkur	14,9%	1	11,4%	-	17,3%	1						
Alþýðubandalag	21,5%	1	15,2%	1	17,2%	1						
Samfylking											15,2%	1
Vinstri Grænir												
<b>Aðrir*</b>					1,7%	-	45,8	3	37,6%	3	15,9%	1
Samtals	100%	7	100%	7	100%	7	100%	7	100%	7	100%	7

\*Aðrir flokkar eru: 1986: Flokkur mannsins (1,7%). 2002: Óháðir og Framsóknarmenn (26,6%) 2 fulltrúar, Garðarbæjarlisti, bæjarmálafélag Garðabæjar (19,2%) 1 fulltrúi. 2006: Bæjarlistinn (37,6%) 3 fulltrúar. 2010: Listi fólksins í bænum (15,9%) 1 fulltrúi.<sup>74</sup>

Þetta sveitarfélag sker sig frá þeim sveitarfélögum sem fjallað er um hér að því leyttinu til að í öllum kosningunum til umfjöllunar hér er sami flokkur ávallt með hreinan meirihluta, þ.e.

<sup>72</sup> Garðabær "Saga byggðar í landi Garðabæjar" <http://www.gardabaer.is/Tomstundir-og-menning/saga-byggdar> (sótt 1. september 2012)

<sup>73</sup> Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi" <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog> (Sótt 1. september 2012)

<sup>74</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, bls 934 - 937

Sama heimild, bls 1022 - 1025

Sama heimild, bls 1076

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002*, bls 28

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006*, bls 39

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010*, bls 39



Sjálfstæðisflokkurinn sem nær í þessi 6 skipti ávallt hreinum meirihluta. Það er þó áberandi dýfa í kosningunum 1978 sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið frá kosningunum 1974 þar sem hann fékk 62% atkvæða. Á fyrra tímabilinu eru engir aðrir flokkar en fjórflokkarnir sem eru með kjörna fulltrúa, Alþýðflokkurinn missir sinn eina fulltrúa árið 1982 en vinnur hann aftur í næstu kosningum. Á seinna tímabilinu er Sjálfstæðisflokkurinn eini fjórflokkurinn sem býður alltaf fram, í kosningunum 2002 og 2006 býður enginn annar fjórflokkur undir eigin merkjum, en Framsóknarmenn buðu fram með t.d. óháðum. Árið 2010 bjóða Framsókn og Samfylking fram undir eigin merkjum, Framsókn nær ekki manni inn en Samfylking nær einum aðila inn. Eftir lítið fylgistap frá 1998 til 2002 bætir Sjálfstæðisflokkurinn við sig í næstu tveimur kosningum á eftir.

## **Akureyri**

Árið 1778 reis fyrsta íbúðarhúsið á Akureyri. Átta árum seinna varð Akureyri kaupstaður í fyrsta sinn fyrir atbeina konungs sem vildi með því efla hag Íslands. Þá voru íbúar Akureyrar 12 talsins. Þetta gekk ekki eftir hjá konungi því enginn vöxtur hafði verið í kaupstaðnum og árið 1836 missti bærinn kaupstaðarnafnbótina og endurheimti hana ekki aftur fyrr en árið 1862.<sup>75</sup> Akureyri er í dag með íbúafjölda upp á 17.875 og er fjölmennasta bæjarfélagið utan höfuðborgarsvæðisins.<sup>76</sup>

---

<sup>75</sup> Jón Hjaltason, Akureyrarstofa "Ágrip af sögu Akureyrar" <http://www.visitakureyri.is/is/gagnlegar-upplýsingar/saga-akureyrar> (sótt 1. september 2012)

<sup>76</sup> Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi" <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelag> (Sótt 1. september 2012)

**Tafla 6: Úrslit bæjarstjórnarkosninga á Akureyri**

Flokkar	1978		1982		1986		2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur	24,9%	3	25,1%	3	21,4%	2	24,1%	3	15,4	1	12,8%	1
Sjálfstæðisflokkur	28,1%	3	34,6%	4	35,2%	4	35,6	4	31,8	4	13,3%	1
Alþýðuflokkur	21,5%	2	9,8%	1	21,7%	3						
Alþýðubandalag	15,3%	2	13,1%	1	19,8%	2						
Samfylking							13,9%	1	23,6	3	9,8%	1
Vinstri Grænir							8,7%	1	16,2	2	10,4%	1
<b>Aðrir*</b>	10,1%	1	17,4%	2	1,8%	-	17,8%	2	13%	1	53,7%	7
Samtals	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11	100%	11

\*Aðrir flokkar eru: 1978 Samtök Frjálslyndra og Vinstri manna (10,1%) 1 fulltrúi. 1982: Kvennaframboð (17,4%) 2 fulltrúar. 1986: Flokkur mannsins (1,8%). 2002: Listi fólksins (17,8%) 2 fulltrúar. 2006: Listi fólksins (9,8%) 1 fulltrúi, Framfylkingaflokkurinn (3,2%). 2010: Bæjarlistinn (8,7%) 1 fulltrúi, Listi fólksins(45%) 6 fulltrúar.<sup>77</sup>

Á þessu tímabili ná fjórflokkarnir ávallt fulltrúum inn á Akureyri. Vinstri flokkarnir tapa fylgi á milli kosninganna árin 1978 og 1982 og má eflaust tengja það við Kvennaframboðið sem bauð fram árið 1982. Þeir endurheimta sitt tapaða fylgi í næstu kosningum og bæta við sig á kostnað Framsóknar sem missir einn fulltrúa. Árið 2002 eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn með svipað fylgi og þeir voru með árið 1986 og Framsókn bætir meira að segja við sig einum fulltrúa til. Vinstri flokkarnir eru með talsvert minna fylgi en í kosningunum 1986 og virðast L-listinn hafa sótt fylgi sitt yfir til þeirra, a.m.k. að einhverju leyti. Árið 2006 hrapar Framsókn í fylgi og tapar tveimur af sínum þremur fulltrúum. Samfylkingin bætir við sig tveimur fulltrúum og Vinstri Græn einum fulltrúa, Sjálfstæðisflokkurinn missir örlítið fylgi en heldur þó fulltrúum sínum. Árið 2010 verður algert hrun hjá fjórflokknum, þeir ná þó allir að halda manni inni en L-listinn nær til sín 45% atkvæða og 6 af 11 bæjarfulltrúum. Sjálfstæðisflokkurinn missir þrjá fulltrúa, Samfylkingin missir tvo fulltrúa, Vinstri Græn missa einn fulltrúa en Framsókn nær að halda sínum eina fulltrúa.

<sup>77</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, bls 934 - 937

Sama heimild, bls 1022 - 1025

Sama heimild, bls 1076

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002*, bls 28

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006*, bls 39

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010*, bls 39

## Reykjanesbær

Reykjanesbær varð til við sameiningu þriggja sveitarfélaga á suðurnesjunum en það voru Keflavík, Njarðvík og Hafnahreppur sem sameinuðust í Reykjanesbæ þann 11. júní árið 1994 eftir almenna kosningu um sameininguna.<sup>78</sup> Þann 1. janúar 2012 voru 14.137 íbúar í Reykjanesbæ.<sup>79</sup>

Árin 1978 - 1986 var Reykjanesbær ennþá skipt í sín upprunalegu sveitarfélög Keflavík, Hafnahrepp og Njarðvík. Í töflunni eru á fyrra tímabilinu teknar saman tölur frá Keflavík og Njarðvík og þær sameinaðar og prósentuhlutfall þeirra reiknað út til að fá samanburðinn við seinna tímabilið. Ekki þykir ástæða til að blanda Hafnahrepp í þær tölur þar sem fjórflokkarnir buðu ekki fram þar heldur létu iðurlega svæðaframboðum það eftir, hreppurinn kemur því ekki til með að skýra myndina sem skoðuð er.

**Tafla 7: Úrslit bæjarstjórnarkosninga í Reykjanesbæ**

Flokkar	1978		1982		1986		2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur	21,6%	3	21,9%	3	15,7%	3	13,6%	1			14%	1
Sjálfstæðisflokkur	31%	6	40,9%	8	26,8%	5	52,8%	6	57,9%	7	52,8%	7
Alþýðuflokkur	35%	5	25,1%	4	43,4%	8						
Alþýðubandalag	12,4%	2	10,2%	1	8,5%	-						
Samfylking							33,6%	4			28,4%	3
Vinstri Grænir									5,3%	-	4,9%	-
<b>Aðrir*</b>			1,9%	-	5,6%	-			36,8%	4		
Samtals	100%	16	100%	16	100%	16	100%	11	100%	11	100%	11

\*Aðrir flokkar eru: 1982: Óháðir (1,9%). 1986: Óháðir kjósendur (4%), Flokkur mannsins (0,8%), Bandalag Jafnaðarmanna (0,8%). 2006: A-listinn (34,1%) 4 fulltrúar, Frjálslyndi flokkurinn (2,1%), Reykjanesbæjarlistinn (0,6%).<sup>80</sup>

Eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hafði misst fylgi milli kosninganna árin 1974 og 1978, bætir hann við sig í kosningunum á milli árána 1978 og 1982. Alþýðuflokkurinn tapar að sama

<sup>78</sup> Upplýsingamiðstöð Reykjanes "Reykjanesbær" [http://ferdalangar.reykjanesbaer.is/displayer.asp?cat\\_id=51](http://ferdalangar.reykjanesbaer.is/displayer.asp?cat_id=51) (Sótt 1. september 2012)

<sup>79</sup> Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi" <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog> (Sótt 1. september 2012)

<sup>80</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, bls 934 - 937

Sama heimild, bls 1022 - 1025

Sama heimild, bls 1076

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002*, bls 28

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006*, bls 39

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010*, bls 39

skapi umtalsverðu fylgi en Alþýðubandalagið lítillaga. Árið 1986 nær Framsókn að halda fulltrúafjölda sínum þrátt fyrir fylgistap en fylgi Sjálfstæðisflokksins hrynur. Alþýðuflokkurinn bætir talsverðu fylgi við sig á meðan Alþýðubandalagið missir sinn fulltrúa. Árið 2002 hefur Sjálfstæðisflokkurinn náð að bæta sig frá kosningunum 1986 en fylgi Alþýðuflokksins virðist ekki hafa skilað sér til Samfylkingarinnar. Framsókn missti einnig fylgi en Vinstri Græn bjóða ekki fram. Árið 2006 ná Vinstri Græn ekki manni inn, Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi (og manni) og Samfylking og Framsókn bjóða fram saman ásamt óflokksbundnum en tapa fylgi frá síðustu kosningum og einum fulltrúa. Árið 2010 bjóða allir fjórflokkarnir fram en óveruleg breyting er frá síðustu kosningum á fylgi. Fulltrúafjöldi breytist ekki að því undanskildu að Samfylking og Framsókn hafa sína fulltrúa undir sínum merkjum.

## **Sveitarfélagið Ölfus**

Sveitarfélagið Ölfus er vestast í Árnessýslu. Þorlákshöfn er þéttbýlisstaður sveitarfélagsins. Nafn sitt dregur Þorlákshöfn af Þorláki helga Skálholtsbiskupi (1133-1193). Útræði hefur alla tíð verið frá Þorlákshöfn enda er þar besti landingarstaður á suðurströndinni frá náttúrunnar hendi og skammt í fengsæl fiskimið. Hveragerði var hluti af Ölfushreppi þar til ársins 1946 þegar þeir sögðu sig frá Ölfusi.<sup>81</sup> Selvogshreppur sameinaðist Ölfusi árið 1988. 1. janúar árið 2012 voru íbúar sveitarfélagsins 1.930 en það er fækkun frá árinu 2009 þegar þeir voru 1.997.<sup>82</sup>

---

<sup>81</sup> Sveitarfélagið Ölfus "Sagan" <http://www.olfus.is/gestir-og-gangandi/sagan/> (Sótt 1. September 2012)

<sup>82</sup> Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi" <http://www.hagstofan.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Sveitarfelog> (Sótt 1. september 2012)

**Tafla 8: Úrslit sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Ölfusi**

Flokkar	1978		1982		1986		2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur			24,9%	2	17,5%	1	35,5%	2	27,6%	2		
Sjálfstæðisflokkur	22,3%	1	26,8%	2	36%	3	36%	3	49,3%	4	32,5%	2
Alþýðuflokkur			22,7%	1								
Alþýðubandalag												
Samfylking							15,6%	1	23,2%	1		
Vinstri Grænir												
<b>Aðrir*</b>	77,7%	4	25,6%	2	46,5%	3	12,8%	1			67,5%	5
<b>Samtals</b>	100%	5	100%	7	100%	7	100%	7	100%	7	100%	7

Aðrir flokkar eru: 1978: Óháðir kjósendur (26,6%) 2 fulltrúar, Óháðir og frjálslyndir kjósendur (24,5) 1 fulltrúi, Vinstri menn (26,6%) 1 fulltrúi. 1982: Óháðir kjósendur (25,6%) 2 fulltrúar. 1986: Framfarasinnar (21,3%) 1 fulltrúi, Óháðir og vinstri menn (25,2%) 2 fulltrúar. 2002: Frjálslyndir til sjávar og sveita í Ölfusi (12,8%) 1 fulltrúi. 2010: Fyrir okkur öll (25,7%) 2 fulltrúar, Framfarasinnar (29,9%) 2 fulltrúar, Félagshyggjufólk (12%) 1 fulltrúi.<sup>83</sup>

Síðustu kosningarnar fyrir 1978 voru listar í framboði í Ölfusi sem ekki buðu fram undir merkjum fjórflokksins.<sup>84</sup> Það er því Sjálfstæðisflokkurinn sem ríður á vaðið á þessum tíma í Ölfusi og býður fram undir eigin merkjum þetta ár og fengu einn fulltrúa kjörinn af 5. Árið 1982 býður ekki einungis Sjálfstæðisflokkurinn fram heldur einnig Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, ekki virðist hafa verið sérstakt annað vinstri framboð þar sem aðrir voru óháðir. Árið 1986 missa Framsóknarmenn einn fulltrúa en Sjálfstæðismenn bæta við sig einum. Alþýðuflokkurinn býður ekki aftur fram og fara vinstri menn saman með óháðum og halda tveimur mönnum sem Óháðir fengu í síðustu kosningum. Árið 2002 er Sjálfstæðisflokkurinn með sama fylgi og hann var með árið 1986 og með þrjá menn, Framsókn styrkist og er með tvo fulltrúa, Samfylkingin er heldur veikari en Alþýðuflokkurinn á síðasta tímabili en er með einn fulltrúa. Árið 2006 sker sig frá öðrum kosningarárum sem valin voru að því leytnu til að ekkert annað framboð kom fram utan hins hefðbundna fjórflokks. Sjálfstæðisflokkurinn nær hreinum meirihluta og Samfylkingin bætir jafnframt við sig fylgi á meðan Framsókn missir fylgi. Árið 2010 er Sjálfstæðisflokkurinn eini fjórflokkurinn sem býður fram undir eigin merkjum. Framsóknarmenn fara fram undir merkjum

<sup>83</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, bls 934 - 937

Sama heimild, bls 1022 - 1025

Sama heimild, bls 1076

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002*, bls 28

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006*, bls 39

Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010*, bls 39

<sup>84</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*,

Framfarasinna. Samfylking og Vinstri græn bjóða fram undir sameiginlegu merki Félagshyggjufólks, Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði og A listi - fyrir okkur öll, klofningsframboð Sjálfstæðisflokksins með tvo af fjórum sitjandi bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokks í framboði ná tveimur fulltrúum inn. Á hinn bóginn missa Sjálfstæðismenn tvo fulltrúa, Framsókn undir nýjum merkjum bætir við sig og heldur tveimur fulltrúum, en vinstri flokkarnir tapa fylgi frá síðustu kosningum en halda þó sínum eina fulltrúa. Þannig mætti segja að bæði kjósendur, sem og framboðin sjálf, hafi forðast hina hefðbundnu landsflokka og sést það vel á framboðunum sem voru hér í boði og atkvæðunum er þau hlutu.

## 7. Fylgissveiflur.

Hér verður farið yfir þær sveiflur sem bæði stjórnar og stjórnarandstöðuflokkar fá í sveitarstjórnarkosningum. Tekið er fylgismeðaltal í þeim sveitarfélögum sem fjallað er um í ritgerðinni. Tekið er inn í meðaltalið þegar fjórflokkarnir bjóða fram í sveitarfélögum. Reiknað er meðaltal af útfrá því fylgi sem flokkarnir hlutu í sveitarfélögum. Þrátt fyrir að niðurstöðurnar sem fást, þegar farið er yfir fylgissveiflurnar, gefi vísbendingar um áhrif landsmála á gengi flokka í sveitarstjórnarkosningum þá þarf að fara varlega í að heimfæra þær yfir á önnur sveitarfélög en þau sem skoðuð eru í ritgerðinni.

### Kosningarnar 1978

Árið 1978 voru Sjálfstæðisflokkur og Framsókn í ríkisstjórn undir forsæti Geirs Hallgrímssonar. Miklir pólitískir sem og efnahagslegir erfiðleikar höfðu ríkt og talsverð óánægja var með ríkisstjórnina meðal almennings.

Hér fyrir neðan er tafla með kosningaúrslitum fjórflokksins frá kosningum 1974 til að hafa til hliðsjónar að fylgisbreytingum fjórflokksins á milli kosninganna árin 1974 til 1978. Sveitarfélagið Ölfus er þar ekki á meðal þar sem enginn fjórflokkanna bauð fram í kosningunum 1974 í því sveitarfélagi.

### Tafla 9: Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1974

1974	Sj.	Fr.	Al.	Abl.	Aðrir
Reykjavík	57,8%	16,4%	6,5%	18,2	1,1%
Kópavogur	37,1%	26,5%	8,4%	27,9%	0%
Hafnarfjörður	41%	12,6%	16,4%	9,6%	20,3%
Garðabær	62%	12,7%	11,5%	13,8%	0%
Akureyri	40,1%	30,7%	16,7%	12,5%	0%
Reykjanesbær	41%	24,1%	24,2%	10,7%	0%
meðaltal	<b>46,5%</b>	<b>20,5%</b>	<b>14%</b>	<b>15,5%</b>	<b>3,6%</b>

<sup>85</sup>

Framsókn fékk 16,4% atkvæða að meðaltali í sveitarfélögum árið 1978 sem var lækkun frá árinu 1974, þegar þeir fengu 20,5% atkvæða. Þeir misstu því að meðaltali 4,1% fylgi í sveitarfélögum sex á meðan þeir voru í ríkisstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn var með að

<sup>85</sup> Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, bls 894 - 895

Skammstöfun flokka: Sj = Sjálfstæðisflokkur Fr. = Framsóknarflokkur Al. = Alþýðuflokkur Abl. = Alþýðubandalag

meðaltali 46,5% atkvæða í kosningunum 1974 en fá um 32,5% atkvæða í kosningunum fjórum árum seinna. Þeir missa því 14% atkvæða í kosningunum 1978. Stjórnarflokkarnir eru hér að tapa samtals 18,1 prósentustigum að meðaltali í kosningunum 1978. Alþýðuflokkurinn fékk árið 1974 14% atkvæða en árið 1978 juku þeir fylgi sitt um 6,3 prósentustig. Hið sama gildir um Alþýðubandalagið. Árið 1974 fékk flokkurinn 15,5% atkvæða að meðaltali í sveitarstjórnarkosningum en fá 20,2% árið 1978, sem er aukning um 6,7 prósentustig. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru hér því að fá um 13,1 prósentustiga aukningu á sama tíma.

**Tafla 10: Meðaltal og mismunur fyrir 1978**

Flokkar	1974	1978	Fylgismunur frá síðustu kosningum
Framsóknarflokkur	20,5%	16,4%	4,1%
Sjálfstæðisflokkur	46,5%	32,5%	14%
Alþýðuflokkur	14%	20,3%	6,3%
Alþýðubandalag	15,5%	20,2%	6,7%

86

### Kosningarnar 1982

Árið 1982 skipuðu Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og nokkrir Sjálfstæðismenn ríkisstjórn undir forsæti Dr. Gunnars Thoroddsen. Ríkisstjórn þessi starfaði þó ekki í umboði Sjálfstæðisflokksins og þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn væri í raun bæði í stjórn og stjórnarandstöðu miðaði opinber stefna flokksins við stjórnarandstöðuhlutverkið. Áður á þessu sama kjörtímabili sveitarstjórnarstigsins frá árinu 1978 til 1982 höfðu verið ríkisstjórnir Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks, sem féll, og tók þá við minnihlutastjórn Alþýðuflokks áður en ríkisstjórn Gunnars tók að lokum við árið 1980. Framsóknarflokkurinn sem fékk að meðaltali 16,4% atkvæða árið 1978, jók fylgi sitt um 1 prósentustig á milli kjörtímabila, og fá 17,4% árið 1982. Alþýðubandalagið fékk um 20,2% atkvæða árið 1978 og fengu um 15,6% að meðaltali í kosningunum árið 1982, þeir missa því 4,6% af heildar atkvæðafjölda. Sjálfstæðisflokkurinn bætir töluverðu við sig, þeir fá að meðaltali 42,1% sem þýðir aukning um 9,6 prósentustig á milli kosninga. Alþýðuflokkurinn tapar fylgi og fær 16,3% atkvæða samanborið við þau 20,3% sem flokkurinn fékk í kosningum fjórum árum fyrr.

<sup>86</sup> Blár merkir ríkisstjórnarflokkur, Rauður merkir fylgistap



**Tafla 11: Meðaltal og mismunur fyrir 1982**

Flokkar	1978	1982	Fylgismunur frá síðustu kosningum
Framsóknarflokkur	16,4%	17,4%	1%
Sjálfstæðisflokkur	32,5%	42,1%	9,6%
Alþýðuflokkur	20,3%	16,3%	4%
Alþýðubandalag	20,2%	15,6%	4,6%

**Kosningarnar 1986**

Árið 1986 var ríkisstjórn Íslands skipuð Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Stjórnin hafði unnið mikla vinnu við endurreisn efnahagslífs þjóðarinnar sem hafði átt í miklum erfiðleikum árin á undan. Á þessum tíma hafði Framsóknarflokkurinn nánast setið sleitulaust í ríkisstjórn síðan 1971, fyrir utan stutt hlé þegar minnihlutastjórn Benedikts Gröndals (Alþýðuflokkur) sat árið 1979.

Framsóknarflokkurinn fær 13% atkvæða árið 1986 þegar flokkurinn fékk 17,4% í síðustu kosningum á undan og missir flokkurinn því 4,4 prósentustig á milli kosninga. Sjálfstæðisflokkurinn tapar einnig fylgi og fer úr 42,1% niður í 38,3%, sem munar 3,8 prósentustigum á milli kosninga. Stjórnarandstöðuflokkurinn Alþýðuflokkurinn bætir stórlega við sig og fer úr 16,3% atkvæða í 25,4% eða um 9,1 prósentustig. Alþýðubandalagið bætir lítillega við sig og fær 17,4% atkvæða, eða aukningu um 1,8 prósentustig. Ríkisstjórnarflokkarnir tapa því um 8,2 prósentustigum í atkvæðafjölda á sama tíma og stjórnarandstaðan eykur fylgi sitt um 10,9 prósentustig.

**Tafla 12: Meðaltal og mismunur fyrir 1986**

Flokkar	1982	1986	Fylgismunur frá síðustu kosningum
Framsóknarflokkur	17,4%	13%	4,4%
Sjálfstæðisflokkur	42,1%	38,3%	3,8%
Alþýðuflokkur	16,3%	25,4%	9,1%
Alþýðubandalag	15,6%	17,4%	1,8%

## Kosningarnar 2002

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru á þessum tímapunkti búnir að vera í ríkisstjórn undir forsæti Davíðs Oddsonar frá árinu 1995. Hér að neðan er tafla með úrslitum fjórflokksins frá kosningunum 1998 til að hafa til hliðsjónar um fylgisbreytingar fjórflokksins á milli kosninga. Mikilvægt er að fara varlega í túlkun niðurstaðna hér þar sem miklar hræringar voru á vinstri væng stjórnmalanna á þessum tíma. Alþýðuflokkurinn bauð fram undir eigin merkjum í einu af sveitafélögum sem skoðuð voru en Alþýðubandalagið bauð ekki fram í neinu af þeim sveitarfélögum undir eigin merkjum. Í Reykjavík buðu svo Framsókn, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag saman undir heitinu R-listinn en það gerir fylgisgreiningu erfiðari en ella.

**Tafla 13: úrslit sveitarstjórnarkosninga 1998<sup>87</sup>**

1974	Sj.	Fr.	Al.	Abl.	Aðrir
Reykjavík	45,2%	-	-	-	54,8%
Kópavogur	40%	22,6%	-	-	37,4%
Hafnarfjörður	37,4%	11,5%	21,8%	-	29,2%
Garðabær	58,8%	16,2%	-	-	25,1%
Akureyri	38,8%	27%	-	-	34,1%
Reykjanesbær	44,9%	18,2%	-	-	36,8%
Ölfus	49,1%	22,4%	-	-	28,5%
meðaltal	<b>44,9%</b>	<b>19,7%</b>	-	-	<b>35,1%</b>

Framsókn bætir við sig frá síðustu kosningum og fer úr 19,7% í 22,3% sem nemur aukningu um 2,6 prósentustig. Hinn stjórnarflokkurinn tapar hinsvegar fylgi og fer úr 44,9% niður í 42,4% sem er fylgistap um 2,5 prósentustig. Samfylking og Vinstri Græn eru ekki með merkjanlegan fylgismun líkt og kemur fram hér að ofan.

**Tafla 14: Meðaltal og mismunur fyrir 2002**

Flokkar	1998	2002	Fylgismunur frá síðustu kosningum
Framsóknarflokkur	19,7%	22,3%	2,6%
Sjálfstæðisflokkur	44,9%	42,4%	2,5%
Samfylking	-	28,3%	-%
Vinstri Grænir	-	5,9%	-%

<sup>87</sup> Hagstofa Íslands, *Sveitarstjórnarkosningar 1998* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1999)  
Skammstöfun flokka: Sj = Sjálfstæðisflokkur Fr. = Framsóknarflokkur Al. = Alþýðuflokkur Abl. = Alþýðubandalag

## Kosningarnar 2006

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru enn í ríkisstjórn eftir 11 ára setu. Nú var að vísu Davíð Oddson horfinn úr forystu Sjálfstæðisflokksins eftir mörg ár og Halldór Ásgrímsson hafði tekið við sem forsætisráðherra.

Hér varð fylgishrun hjá Framsóknarflokki þegar hann missti nánast helming kjölfylgis síns og fór úr 22,3% niður í 12,9%, en munurinn var því um 9,4 prósentustig á milli kosninga. Aðrir flokkar bættu, hins vegar, við fylgi sitt. Hinn stjórnarflokkurinn bætti við sig 3% og bætti þar fylgistapið frá síðustu kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn fór úr 42,4% í 45,4%. Samfylkingin sem fékk 28,3% í kosningunum 2002 fékk nú 4,2% meira eða 32,5%. Vinstri Grænir nánast tvöfölduðu fylgi sitt og fóru úr 5,9% í 11,6% sem er 5,7 prósentustiga munur á milli ára. Ríkisstjórnin tapaði því 6,4 prósentustigum að meðaltali á meðan stjórnarandstaðan bætti við sig 9,9 prósentustigum.

### Tafla 15: Meðaltal og mismunur fyrir 2006

Flokkar	2002	2006	Fylgismunur frá síðustu kosningum
Framsóknarflokkur	22,3%	12,9%	9,4%
Sjálfstæðisflokkur	42,4%	45,4%	3%
Samfylking	28,3%	32,5%	4,2%
Vinstri Grænir	5,9%	11,6%	5,7%

## Kosningarnar 2010

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem mynduð var árið 2007 fór frá völdum í upphaf árs 2009 eftir mikil mótmæli eftir efnahagshrunið. Þá var mynduð minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri Grænna með stuðningi Framsóknar. Samstarf vinstri flokkanna hélt áfram eftir kosningar og náði ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri Grænna meirihluta í kosningunum 2010.

Kosningarnar 2010 eru alveg sér á báti, fjórflokkarnir eins og þeir lögðu sig misstu að meðaltali fylgi í sveitarfélögunum burtséð frá því hvort þeir voru í ríkisstjórn eður ei. Það voru þó flokkarnir sem sátu í ríkisstjórn þegar hrunið skall á sem fengu mesta höggið. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði 7,8 prósentustigum þegar hann fór úr 45,4% niður í 37,6%. Framsóknarflokkurinn fór úr 12,9% í 11,3% og minnkaði um 1,6 prósentustig. Stjórnarandstaðan hafði því tapað um 9,4 prósentustigum samtals. Samfylkingin fór úr 32,5%

niður í 23,6% og missta því 8,9 prósentustig að meðaltali. Vinstri Græn fóru úr 11,6% niður í 9,4% og tapa 2,2 prósentustigum. Stjórnarflokkarnir missa því 11,1 prósentustig að meðaltali sem er 1,7 prósentustigum meira en stjórnarandstaðan tapaði.

**Tafla 16: Meðaltal og mismunur fyrir 2010**

Flokkar	2006	2010	Fylgismunur frá síðustu kosningum
Framsóknarflokkur	12,9%	11,3%	1,6%
Sjálfstæðisflokkur	45,4%	37,6%	7,8%
Samfylking	32,5%	23,6%	8,9%
Vinstri Grænir	11,6%	9,4%	2,2%

Hér fyrir neðan er að sjá tvær töflur þar sem meðaltal tímabilanna er tekið saman og mismunurinn á milli kosninga.

**Tafla 17: Meðaltal kosninga og mismunur á tímabilinu 1978 - 1986**

Flokkar	1978		1982		1986	
Framsóknarflokkur	16,4%	4,1%	17,4%	1%	13%	4,4%
Sjálfstæðisflokkur	32,5%	14%	42,1%	9,6%	38,3%	3,8%
Alþýðuflokkur	20,3%	6,4%	16,3%	4%	25,4%	9,1%
Alþýðubandalag	20,2%	6,7%	15,6%	4,6%	17,4%	1,8%

**Tafla 18: Meðaltal kosninga og mismunur á tímabilinu 2002 - 2010**

Flokkar	2002		2006		2010	
Framsóknarflokkur	22,3%	2,6%	12,9%	9,4%	11,3%	1,6%
Sjálfstæðisflokkur	42,4%	2,5%	45,4%	3%	37,6%	7,8%
Samfylking	28,3%	-%	32,5%	4,2%	23,6%	8,9%
Vinstri Grænir	5,9%	-%	11,6%	5,7%	9,4%	2,2%

Töflur 17 og 18 sýna fylgibreytingarnar yfir bæði tímabilin. Þeim er ætlað að draga saman þessi tímabil og gefa betri yfirsýn yfir kosninganiðurstöðurnar. Töflurnar sýna fram á fylgistap á meðal stjórnarflokka sem og fylgisaukningu meðal stjórnarandstöðuflokka þegar heildin er tekin saman.

## 8. Niðurstöður og lokaorð

Þær rannsóknir og athuganir sem gerðar hafa verið hafa hver sína nálgun á viðfangsefnið og hver og ein fær út sína niðurstöðu. Hvort sem um er að ræða Lewis-Beck og Jérôme, Campell, Mann eða Gunnar Helga Kristinsson (Sjá umfjöllun í kaflanum hér að framan um fyrri rannsóknir), þá beita fræðimenn mismunandi aðferðum og notast við mismunandi kenningar í rannsóknum sínum. Oft geta niðurstöður oltið á því hvaða sjónarhorn er valið. Í þessari ritgerð hefur verið farið yfir kosningar á tveimur tímabilum sem skiptast hvort um sig í þrjár kosningar. Farið var stuttlega yfir helstu stjórnmálaflokka í landinu og saga þeirra reifuð létt. Umhverfið sem var til staðar í þjóðfélaginu fyrir hvert kosningarár var nefnt og dreypt á sögunni. Að því loknu var farið yfir þau sjö sveitarfélög sem valin voru og kosningaúrslit þeirra skoðuð. Að lokum var svo samanburður á milli kosninga skoðaður með tilliti til þess hvaða flokkar sátu í ríkisstjórn á þeim tíma.

Það er að sjálfsögðu margt sem hefur áhrif á kosningaúrslit sveitarstjórnarkosninga, t.a.m. velgengni sveitarstjórna, svipur bæjarlífsins, staða ríkisstjórna, flokkshollusta og fleira í þeim dúr. Þetta, ásamt ótalmörgu öðru, getur mótað afstöðu fólks þegar kemur að því að kjósa í sveitarstjórnarkosningum. Stærð sveitarfélaga getur einnig haft talsverð áhrif. Þegar þú býrð í stóru sveitarfélagi á borð við Reykjavík kann að vera að þér þykir þú lítill hluti af stórri heild, nándin er ekki mikil og í raun ekki mikill munur fyrir þig að kjósa í sveitarstjórnarkosningum eða í alþingiskosningum. Þegar þú ert hinsvegar búsettur í smáu sveitarfélagi á borð við Sveitarfélagið Ölfus þá horfir öðruvísi við, í sveitarfélögum á borð við Ölfus þekkjast æði margir og nándin er talsvert meiri en í hinum stærri sveitarfélögum. Tengsl fólks við bæjarfulltrúana eru víðtækari og í þessari stærð að sveitarfélögum getur persónan sem býður sig fram farið að skipta ansi miklu í gengi framboða á meðan í stærri sveitarfélögum hefur þú ekki sömu tengingu við frambjóðendur og þarft að styðjast meira við stefnumál flokksins sem og víðtækari hluti eins og jafnvel gengi flokkanna í landsmálunum. Að sama skapi geta mál skipt misjafnlega miklu máli þar sem smærri mál skipta meira máli í minni sveitarfélögum heldur en þeim stærri, má þar til dæmis nefna leikskólamála sem varð hitamál í kosningunum 2010 í Ölfus en ólíklegt má þykja að bygging eins leikskóla myndi hafa afgerandi áhrif í sveitarfélagi á borð við Reykjavík.

Sveitarfélögin geta verið ákveðin vígi flokkanna en þannig hefur Garðabær til dæmis, lengi verið talinn sterkur Sjálfstæðisbær og styðja kosningaúrslit í sveitarstjórnkosningum Garðabæjar við þá hugmynd. Sömu sögu má segja um Reykjanesbæ. Hafnarfjörður hefur að sama skapi verið talinn mikill kratabær og er áhugavert að sjá að á sama tíma og Alþýðubandalagið var að fá meira fylgi en Alþýðuflokkurinn á mörgum stöðum þá var því öfugt farið í Hafnarfirði þar sem Alþýðuflokkurinn var sterkari aðilinn. Eins var Reykjavík ávallt með Sjálfstæðisflokkinn í meirihluta frá stofnun flokksins allt þar til ársins 1978 og því mikið Sjálfstæðisvígi á þeim tíma.

Aðrir flokkar geta haft áhrif á gengi fjórflokkanna í kosningum, þannig má eflaust draga þá ályktun til dæmis í kosningunum 1982 á Akureyri þegar vinstri flokkarnir tóku dýfu. Alþýðubandalagið sem var í ríkisstjórn á þessum tíma missti 2,2% en Alþýðuflokkurinn sem var í stjórnarandstöðu hrapaði í fylgi og missti 11,7%. Í þessum kosningum bauð sérstakt kvennaframboð fram og fengu þær 17,4% atkvæða. Líklegt verður að teljast að Kvennaframboðið hafi haft ákveðin áhrif á gengi Alþýðuflokksins í þessum kosningum.

Líkt og áður hefur komið fram voru kosningarnar árið 2010 frekar sérstakar. Í þeim kosningum töpuðu allir fjórflokkarnir fylgi og virtist það stafa af því að kjósendur voru að refsa öllum flokkunum fyrir efnahagshrunið sem varð árið 2008. Það var þó áberandi að þeir flokkar sem voru í ríkisstjórn þegar hrunið skall á töpuðu talsvert meiru en þeir sem voru í stjórnarandstöðu á þeim tíma. Í þessum kosningum var fólk ekki bara að refsa þessum fjórum flokkum, fólk var tilbúið að skoða eitthvað nýtt. Besti flokkurinn fékk góða kosningu og sex fulltrúa í Reykjavík, þrátt fyrir að hafa hvorki skýra stefnuskrá eða alvarlega ásýnd, heillaði besti flokkurinn kjósendur meira en allir aðrir flokkar í Reykjavík. Að sama skapi var fólk þó ekki bara að prufa eitthvað alveg nýtt, á Akureyri fékk L-listinn 45% atkvæða og sex fulltrúa af 11. Þetta framboð hafði boðið fram frá árinu 1998, og flokkast þ.a.l. ekki sem nýtt framboð, en er þó gott dæmi um ringulreiðina sem virtist ríkja í þessum kosningum, allir fjórflokkarnir hrundu og því ljóst að L-listinn tók ekki sérstaklega atkvæði frá hægri eða vinstri í þessum kosningum.

Þrátt fyrir að vera minna en önnur sveitarfélög í úrtakinu þá voru sveiflurnar í Sveitarfélaginu Ölfus nokkuð sambærilegar þeim á landsvísu, það sem helst skekkti myndina var tregða fjórflokksins við að bjóða sig fram undir eigin merkjum þar eða tregða fólks í

sveitarfélaginu til að bjóða fram í nafni hefðbundins stjórnámálflokks. Kosningarnar 2010 eru ágætt dæmi þar um, eini fjórflokkurinn sem bauð fram undir eigin merkjum var Sjálfstæðisflokkurinn sem tapaði miklu fylgi og missti tvo menn af fjórum, Samfylkingin og Vinstri Grænir buðu saman fram undir merkjum Félagshyggjufólks og töpuðu talsverðu fylgi, en Framsóknarflokkurinn sem bauð undir nafninu Framfararsinnar en með listabókstafinn B bættu við sig örlitlu fylgi frá kosningunum áður. Klofningsframboð Sjálfstæðisflokksins fékk þá tvo fulltrúa sem Sjálfstæðisflokkurinn missti. Það bendir til þess að fólk hafi frekað forðast Sjálfstæðisflokkinn sjálfann en ekki endilega hugmyndafræði hans því klofningsframboðið var svipað að uppbyggingu og Sjálfstæðisflokkurinn ásamt því að oddviti listans var bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn sem og sá er var í fjórða sæti listans sem var einnig bæjarstjóri síðasta kjörtímabil.

Ef litið er á töflur 17 og 18 þar sem farið er yfir tímabilin 1978 - 1986 og 2002 - 2010 og meðaltöl flokkanna skoðuð með tilliti til ríkisstjórnarsetu má sjá að almennt virðist það vera að ríkistjórnarflokkar tapi fylgi og að stjórnarandstaðan bætir við sig fylgi. Þrátt fyrir að einstakir stjórnarflokkar geti bætt við sig eða einstakir stjórnarandstöðuflokkar tapi fylgi þá virðast stjórnarflokkar almennt tapa fylgi á heildina litið á meðan stjórnarandstaðan bæti við sig. Ein undantekning er þó eins og áður segir árið 2010 þegar allir fjórflokkarnir tapa en það er þó skýrt dæmi um að það sem gerist í landsmálunum endurspeglast í sveitarstjórnarkosningum. Eins eru kosningarnar 2002 erfiðar að greina þar sem stjórnarandstöðuflokkarnir buðu lítið fram undir eigin merkjum í kosningunum árið 1998, það gerir erfitt að sjá breytingu á milli kosninga hjá þeim flokkum.

Með þetta allt að leiðarljósi má færa fyrir því rök að það sem flokkar geri þegar þeir eru í ríkisstjórn geti haft bein áhrif á fylgi flokkanna í sveitarstjórnarkosningum. Landsmálin skarast við svæðamálin þó ekki sé hægt að fullyrða né alhæfa um hver nákvæm áhrif þeirra séu enda margir áhrifaþættir sem ráða atkvæðum fólks.

Vegna þess má jafnvel draga þá ályktun að þegar fólk gengur að kjörborðinu í sveitarstjórnarkosningum er það ekki eingöngu að kjósa um hin augljósu stefnumál sem flokkarnir tefla fram í bæjarfélaginu, heldur einnig hvað þeir gera í landsmálunum. Þetta fyrirkomulag, að hafa sömu flokka sem bjóða fram í sveitarstjórnunum og til Alþingis, er því klárlega áhrifavaldur í sveitarstjórnarkosningum, þetta hefur verið nefnt af mörgum aðilum

(líkt og bent var á í kaflanum um fyrri rannsókninr) og ekki að ástæðulausu. Með þetta til hliðsjónar mætti hugsa sér að sveitarstjórnarmenn ættu að hafa góðan aðgang að forystu síns flokks og fá að taka þátt í hugmyndafræðilegri vinnu flokka á landsvísu til að fá að minnsta kosti að taka ákveðinn þátt í hlutum sem óhjákvæmilega koma til með að hafa áhrif á möguleika sveitarstjórnarmanna til að ná kjöri í næstu kosningum.



## Heimildaskrá

Akureyri " Bæjarfulltrúar á Akureyri 2010 - 2014"

<http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/baejarstjorn/baejarfulltruar-2010-2014> (Sótt 14. ágúst 2012)

Alan B. Spitzer "The Elections of 1824 and 1827 in the department of the Doubs." *French History*, (1989): 153 - 176.

Fjármálaráðuneytið "Útgáfa - Lækkandi skuldabyrði ríkissjóðs"

[http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar\\_frettir/2006/11/08/nr/7125](http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar_frettir/2006/11/08/nr/7125) (Sótt 28. ágúst 2012)

Forsætisráðuneytið "Ávarp forsætisráðherra vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði"

<http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedurGHH/nr/3034> (Sótt 26. ágúst 2012)

Framsóknarflokkurinn " Sagan í tímans rás" [http://www.framsokn.is/Flokkurinn/Sagan\\_-\\_I\\_timans\\_ras](http://www.framsokn.is/Flokkurinn/Sagan_-_I_timans_ras) (Sótt 20. júlí 2012)

Garðabær "Saga byggðar í landi Garðabæjar" <http://www.gardabaer.is/Tomstundir-og-menning/saga-byggdar> (sótt 1. september 2012)

Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen: Ævisaga*, (Reykjavík: JPV útgáfa, 2010).

Guðni Th. Jóhannesson. "Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 - 2007." *Stjórnsmál og Stjórnsýsla*, (2007): 5 - 41

Gunnar Helgi Kristinsson, *Farmers' Parties: A study in Electoral Adaption*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1991)

Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, (Reykjavík: Háskóli Íslands, 2007)

Gunnar Helgi Kristinsson, *Staðbundin stjórnsmál*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001)

Hagstofa Íslands, *Alþingiskosningar 10. maí 2003* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2004)

Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Alþingiskosningar 25. apríl 2009*, (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010)

Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2005)

Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2009)

Hagstofa Íslands, *Hagtíðindi: Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2010)

Hagstofa Íslands, *Kosningaskýrslur. 2. bindi, 1949-1987 / [Hagstofa Íslands]*, (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988)

Hagstofa Íslands "Talnaefni > mannfjöldi"  
<http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog> (Sótt 1. september 2012)

Hallgrímur Guðmundsson, *Uppruni Sjálfstæðisflokksins*, (Reykjavík, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands / Örn & Örlygur, 1979)

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, (Reykjavík: Sjálfstæðisflokkurinn, 1989).

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, (Reykjavík: Sögufélag, 2010)

Hreyfingin "Uppruni" <http://www.hreyfingin.is/hreyfing.html> (Sótt 6. September 2012)

Innanríkisráðuneytið "Útreikningur við úthlutun kjördæmissæta"  
<http://www.kosning.is/upplýsingar/kjordaemissaeti/> (Sótt 28. júlí 2012)

Jafnréttisstofa, *Úrslit Sveitastjórnarkosninga: Staða kynja í sveitarstjórnnum* (Reykjavík: Jafnréttisstofa, 2010)

Jón Hjaltason, Akureyrarstofa "Ágrip af sögu Akureyrar"  
<http://www.visitakureyri.is/is/gagnlegar-upplýsingar/saga-akureyrar> (sótt 1. september 2012)

L - listinn "Um L listann " <http://www.l-listinn.is/page/um-l-listann> (Sótt 14. ágúst 2012)

Jérome, Brunó og Michael. S. Lewis-Beck. "Is Local Politics Local? French evidence."  
*European Journal of Political Research*, (1999): 181 - 197.

Ólafur Þ. Harðarson og Indriði H. Indriðason. "Hvenær verður minnihluti atkvæða að meirihluta fulltrúa." *Stjórnmal og Stjórnsýsla*, (2005): 5 - 26.

Rannsóknarnefnd Alþingis, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir: Bindí 1*, (Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008, 2010)

Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála: Fjórflokkarnir 1959-1991*, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1994)

Svanur Kristjánsson. "Ísland á leið til lýðræðis - löggjöf um stjórn Reykjavíkur 1872 - 1914"  
*Ritið*, (2006): 115 - 142. bls 126

Sveitarfélagið Ölfus "Sagan" <http://www.olfus.is/gestir-og-gangandi/sagan/> (Sótt 1. September 2012)

Sveitarstjórnalög nr. 138/2011

Upplýsingamiðstöð Reykjaness "Reykjanesbær"  
[http://ferdalangar.reykjanesbaer.is/displayer.asp?cat\\_id=51](http://ferdalangar.reykjanesbaer.is/displayer.asp?cat_id=51) (Sótt 1. september 2012)